**HÖGNI EGILSSON**

*Falskir en sjarmerandi tónar frá Rauða október*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FASTEIGNIR**

*Einbýlishús með góðu útsýni yfir Elliðavatn*

Sérblað um fasteignir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. nóvember 2008 — 308. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Í hlutverki sáttasemjara



Baltasar Kormákur reynir að sætta stórstjörnurnar í Brúðgumanum

**FÓLK 26**

### Tekur upp eftirstríðsmynd í Tékklandi



Karl Óskarsson hefur fengið að kynnast magnaðri sögu tékknesku þjóðarinnar.

**FÓLK 26**

### Ágrafin silfurmedalía

Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, var nýlega heiðraður fyrir dygga þjónustu og fræðilegt framlag á 800 manna ársfundi Búfjárræktarsambands Evrópu í Litháen.

**TÍMAMÓT 16**

### Chelsea á toppinn



Tvö mörk frá Nicolas Anelka gegn Blackburn skutu Chelsea á topp ensku úrvalsdeildarinnar.

**ÍÞRÓTTIR 22**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓR EÐA SLYDDA** NYRÐRA Í dag verða norðlægar áttir, 8-15 m/s hvassast á annesjum nyrðra og norðvestan til. Snjókoma eða slydda norðan og austan til en bjart með köflum syðra. Kólnandi veður.

**VEÐUR 4**

# Óttast hörð viðbrögð við einhliða upptöku

**Hagfræðingur Alþýðusambandsins telur einhliða upptöku evru kalla á hörð viðbrögð ESB. Fyrrum efnahagsráðgjafi Alþjóðabankans segir krónuna hafa reynst Íslandi dýr og að hún muni reynast enn dýrari í framtíðinni.**

**EFNAHAGSMÁL** Evrópusambandið hefur gefið til kynna að við séum velkomin í sambandið og að við getum þá tekið upp evru eftir gildandi leikreglum en ef við tökum evru upp einhliða kallar það á hörð viðbrögð frá sambandinu,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambandsins.

Í Fréttablaðinu í dag bregst hann, ásamt Eddu Rós Karlsdóttur hagfræðingi og Manuel Hinds, fyrrum efnahagsráðgjafa Alþjóðabankans, við grein sem Heiðar Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri hjá Novator, og Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands, rituðu í blaðið um helgina. Þeir Heiðar Már og Ársæll færðu rök fyrir því að Ísland taki einhliða upp aðra mynt en krónu.

Edda Rós Karlsdóttir er í grundvallaratriðum sammála greiningu Ársæls og Heiðars á vandanum. Hún telur gjaldeyrisvaraforðann duga til að skipta út mynt og seðlum í umferð, en að auki þyrfti að hafa til reiðu evrur til að afhenda erlendum eigendum ríkisskuldabréfa, íbúðabréfa og innstæðubréfa. Mikilvægt sé einnig að hægt sé að auka lausafjárfyrirgreiðslu hratt og vel ef kerfislæg vandamál koma upp. Edda telur afar mikilvægt að uptaka evru gerist með fullum stuðningi Evrópska seðlabankans.

Manuel Hinds segist hafa mælt með upptöku evru, til að koma í veg fyrir þá alvarlegu peningakreppu sem vofði yfir framtíð landsins, í ágúst á síðasta ári. Því miður hafi veruleikinn orðið enn svartari en hann hefði búist við.

„Í stað þess að spyrja af hverju Ísland ætti að taka upp evru ætti spurningin að vera af hverju landið ætti að halda í krónu sem hefur reynst Íslandi dýr og mun reynast enn dýrari í framtíðinni,“ segir Hinds.

- kg sjá síðu 14



**HÁKARLAVERKANDI** Guðmundur Páll Óskarsson, hákarlaverkandi í Hnífsdal.

Útlitið dökkt fyrir þorrablótin:

## Hákarlsskortur yfirvofandi

**FÓLK Guðmundur Páll Óskarsson, hákarlsverkandi í Hnífsdal, er ekki bjartsýnn á að honum takist að anna spurn eftir kæstum hákarli á þorrablót landsmanna.**

**Guðmundur Páll segir sjómenn ekki vilja veiða hákarl þrátt fyrir gylliboð. Aðrir hákarlsverkendur eru ekki jafnsvartsýnir en segja þó að ekki sé mikið um gott hráefni á markaðinum. Guðmundur Páll reiknar með að verðið á þeim hákarli sem til er verði í hærra lagi.**

- fgg / sjá síðu 26



**GÓÐUR ÁRANGUR** Fimleikakappinn Viktor Kristmannsson úr Gerplu varð í þriðja sæti í fjölþraut á Norður-Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Gerpluhúsinu um helgina. Íslenska karlaliðið var í fimmta sæti á mótinu og kvennaliðið í því sjötta. Er þetta stærsta mót sinnar tegundar sem haldið hefur verið hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sönnunargögn frá Íslandi:

## Barnaklámsmál teygir anga sína hingað til lands

**BANDARÍKIN** Bandarískur maður, Timothy Ryan Richards, hefur verið dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir vörslu og dreifingu barnakláms. Upptökur af hótelherbergi í Reykjavík voru meðal sönnunargagna í málinu.

Richards, sem er 27 ára gamall, átti í kynferðissambandi við pilt sem var fjórum árum yngri en hann sjálfur. Meðan pilturinn var enn undir lögaldri heimsóttu þeir Ísland og þar tók hinn dæmdi upp myndband sem sýnir piltinn í kynferðislegum athöfnum.

Richards var handtekinn árið 2005. Það bjó hann með 13 ára gömlum dreng.

- þo / sjá síðu 4

Landsvirkjun ræðir óformlega við lífeyrissjóðina um fjármögnun virkjana:

## Útboðum í Búðarhálsvirkjun seinkað

**ORKUMÁL** „Okkur þótti óráðlegt að opna tilboðin meðan staðan er svona,“ segir Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar en útboðum í Búðarhálsvirkjun sem átti að opna í haust hefur verið seinkað fram í mars.

Öll leyfi fyrir Búðarhálsvirkjun eru til staðar. Framkvæmdir hófust haustið 2002 en var frestað árið 2003, í sumar var síðan ákveðið að hefja þær að nýju.

Undanfarna áratugi hafa framkvæmdir sem þessar verið fjármagnaðar með erlendum lánum en slíkt stendur ekki til boða nú. Friðrik segir það vissulega vonbrigði enda hefðu nýjar virkjanir hleypt lífi í verktakamarkaðinn.

Spurður hvort Landsvirkjun hafi rætt við lífeyrissjóðina um hugsanlega fjármögnun verkefna segir Friðrik engar formlegar samræður hafa átt sér stað.

„Ég bað um að rætt yrði við fulltrúa lífeyrissjóðanna almennt svo við gætum áttað okkur á því hvort þeir hefðu einhver tök á að koma að fjármögnun. Við erum alltaf í góðu sambandi við lífeyrissjóðina en það eru engar viðræður í gangi,“ segir Friðrik.

- þo





Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.






## SPURNING DAGSINS



*Frosti, reddar þetta Icesave-skuldunum?*

„Já. Er nokkuð annað sem getur reddað því ömurlega máli?“

Myndlistamaðurinn Frosti Friðriksson hyggst selja ferðamönnum lítil kort með einni íslenskri krónu inni í fyrir erlendan gjaldeyri. Tólf prósent af gjaldeyrinum renna til Seðlabanka Bretlands. Geir Haarde forsætisráðherra kallaði Icesave-málið „ömurlegt“ í síðustu viku.

Lögreglan rannsakar mannslát í sumarbústað í Grímsnesi:

# Fjórir settir í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 28. nóvember vegna mannsláts í sumarbústað í Grímsnesi á laugardag.

Um er að ræða tvær konur og tvo karla á aldrinum 18 til 32 ára. Þau eru samlandar mannsins sem lést.

Lögreglan fékk tilkynningu um málið á laugardagsmorgun. Þá kvaðst einn mannanna hafa komið að félaga sínum látnum í sumarbústaðnum þar sem þeir gistu ásamt konunum tveimur. Þremenningarnir voru fluttir á lögreglustöðina á Selfossi og síðdegis var fjórði maðurinn handtekinn í Reykjavík vegna málsins. Annar karlmannanna var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. nóvember á laugardagskvöld og í gær var krafist gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir hinum manninum og konunum tveimur. Ákvörðun dómara lá fyrir í gærkvöld.



**RANNSÓKN** Ekki liggur fyrir hvert banamein mannsins var. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir að rannsóknin taki lengri tíma en ella þar sem notast þurfi við túlk við allar yfirheyrslur. Ekki liggur fyrir hvert banamein mannsins var. Beðið er eftir niðurstöðum úr krufningu og niðurstöðum tæknideildar lögreglunnar eftir vettvangsrannsókn.

Hinn látni var 36 ára og til heimilis í Reykjavík. Ekki er unnt að greina frá nafni hans að svo stöddu. **- þo**

Ölvun í miðborginni:

# Maður stunginn með hnífi

**LÖGREGLA Ungur maður var stunginn með hnífi við veitingastaðinn Lækjarbrekku í Bankastræti í fyrrinótt. Árásarmaðurinn var handtekinn skömmu síðar og er málið í rannsókn.**

**Ekki er vitað hver aðdragandinn var að árásinni. Hinn særði var færður undir læknishendur en áverkar hans reyndust ekki lífshættulegir.**

**Tilkynnt var um sjö líkamsárásir til viðbótar þessa nótt, allar í miðborginni. Mikil ölvun var á svæðinu og voru tveir ökumenn stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur.** **- þo**

Árekstur í Kópavogi:

# Barn skarst í andliti

**SLYS** Fimm ára barn var flutt á slysadeild með skurð á augabrún eftir harðan árekstur tveggja bifreiða í gær. Slysið varð á gatnamótum Kársnesbrautar og Urðarbrautar í Kópavogi.

Bílnum sem barnið var farþegi í var ekið norður Urðarbraut og beygt vestur Kársnesbraut í veg fyrir annan bíl með fyrrgreindum afleiðingum. Ökumaður þeirrar bifreiðar var einnig fluttur á slysadeild með minni háttar meiðsli.

Bílarnir eru mikið skemmdir og voru dregnir á brott af kranabíl. **- þo**

Lánasjóður sveitarfélaga:

# Aldrei fleiri lán undir lok árs

**SVEITARFÉLÖG „Það hafa aldrei fyrr verið meiri útlán hjá okkur á síðasta ársfjórðungi,“ segir Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga. Vegna afar þröngrar stöðu á fjármálamarkaði leita sveitarfélög í síauknum mæli eftir lánafyrirgreiðslu hjá sjóðnum. Fyrir um tveimur vikum lauk útboði í nýjum skuldabréfaflokki lánasjóðsins. Óttar segir árangurinn hafa verið vel ásættanlegan miðað við núverandi aðstæður. Ávöxtunarkrafan hafi verið 5,0 prósent á þeim 4,5 milljörðum króna sem úboðið hljóðaði upp á. Líklegt sé að sjóðurinn gangist fyrir einu útboði til viðbótar fyrir áramót.** **. - gar**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Reyndi að stinga af

Nokkuð var um að menn ækju ölvaðir í fyrrinótt. Sjö voru stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur í Reykjavík og tveir á Akureyri. Annar þeirra reyndi að stinga lögreglu af en var stöðvaður.

# Vöruskortur er farinn að há pípurum

**Efnisskortur, ekki verkefnisskortur, er farinn að há iðnaðarmönnum og seinka afhendingartíma verka. Píparar þurfa að leita að efni út um allan bæ til að geta klárað verk. Iðnaðarmenn kanna möguleika á að flytja starfsemina utan.**

**BYGGINGARIÐNAÐUR** Vöruskortur er farinn að há iðnaðarmönnum, efnisskorturinn er bagalegur og farinn að seinka afhendingartíma verka. Jón Þórðarson pípulagningameistari segir að iðnaðarmenn hafi enn nóg að gera en borið hafi á efnisskorti í hálfan mánuð og það sé farið að há mönnum. Síðasta vika hafi verið mjög erfið. Píparar verði að þvælast út um allan bæ til að skrapa saman efni til að geta klárað verk.

„Þetta fer versnandi því að birgjarnir fá ekki gjaldeyri til að flytja inn efni og leysa út og fá því ekki neinar vörur. Ég myndi telja að þetta sé bagalegt. Það tekur fjóra tíma á dag að skrapa saman efni fyrir tveggja daga vinnu og svo gengur erfiðlega að rukka fyrir þennan tíma því að fólk er ekki mjög hrifið af því.“

Jón bendir á að píparar þurfi helst að fá allt efnið á einum stað, efni sé oft mismunandi að þykkt og passi ekki saman frá mismunandi stöðum. „Þetta ástand er að reka okkur til útlanda. Við erum að skoða hvort við getum farið að vinna í Danmörku eða Noregi því að það er efnisskorturinn sem er að stoppa okkur í dag, ekki verkefnaskorturinn.“

Hann segist vera að kanna þann möguleika að allir starfsmennirnir fari til Danmerkur eða Noregs að vinna í fimm til sex vikur og komi svo heim í frí og verði með fjölskyldunni í eina til tvær vikur. Þannig tækist kannski að hafa fyrir skuldunum. Þetta telur hann að komi í ljós í næstu viku.

Björn Bjarnason, formaður Meistarafélags iðnaðarmanna, segir að skortur sé á vörum sem pantaðar séu að utan því að birgjar geti ekki leyst þær út. „Úrvalið er minna,“ segir hann. „Þetta er farið að hafa áhrif á afhendingartíma verka. Við fáum til dæmis ekki girðingarefni að utan.“



**EFNISSKORTURINN STOPPAR** „Þetta ástand er að reka okkur til útlanda. Við erum að skoða hvort við getum farið að vinna í Danmörku eða Noregi því að það er efnisskorturinn sem er að stoppa okkur,“ segir Jón Þórðarson pípulagningameistari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Það er efnisskorturinn sem er að stoppa okkur í dag, ekki verkefnaskorturinn.
>
> **JÓN ÞÓRÐARSON**
> PÍPULAGNINGAMEISTARI

Hjalti Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnsvirkjans, segir mikinn vöruskort í byggingavörum og pípulagningavörum en minnst hjá Vatnsvirkjanum. „Vöruskorturinn er farinn að hafa áhrif og mun aukast þar sem gjaldeyrismarkaðir eru ekki opnir. Þegar gengið fer á flot aftur verður óvissan of mikil til að kaupa strax inn, það verður ekki gert fyrr en gjaldeyrismarkaðir hafa náð jafnvægi. Margar vikur eru í að næstu sendingar komi af einhverju viti. Óvissan knýr okkur til að panta bara það nauðsynlega,“ segir hann og bendir á að ástandið sé alvarlegt þegar efnum sé blandað saman vegna vöruskorts. Það hafi áhrif á ábyrgð framleiðenda. **ghs@frettabladid.is**



**NÝSMÍÐAÐUR** Þessi mynd er talin vera af kjarnorkukafbátnum Nerpa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slys í kafbát Rússahers:

# Tuttugu manns köfnuðu

**RÚSSLAND, AP** Eldvarnakerfi um borð í nýsmíðuðum kjarnorkukafbát rússneska sjóhersins, Nerpa, fór í gang fyrir mistök er verið var að prófa kafbátinn í Japanshafi um helgina, með þeim afleiðingum að 20 manns köfnuðu og 21 til viðbótar þurfti bráðaaðhlynningu á sjúkrahúsi. Talsmenn hersins greindu frá þessu í gær.

Af hinum 20 látnu voru 17 starfsmenn skipasmíðastöðvarinnar sem smíðaði bátinn.

Tekið var skýrt fram að kafbáturinn sjálfur hefði ekki skaddast og kjarnakljúfnum í honum hefði ekki verið nein hætta búin. Þetta var samt versta slys rússneska sjóhersins frá því annar kjarnorkukafbátur, Kúrsk, fórst í Barentshafi með 118 manns um borð árið 2000. **- aa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bifreið valt við Borgarnes

Maður og tvö börn sluppu með skrekkinn þegar bifreið þeirra valt skammt norðan við Borgarnes í gær. Mikil ísing var á veginum þegar slysið varð. Fólkið var flutt til aðhlynningar á heilsugæslustöð.

### Gekk í sjóinn

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk snemma í gærmorgun tilkynningu um mann í sjónum við Kirkjusand. Maðurinn var afar ölvaður og í miklu uppnámi og hafði vaðið sjóinn upp að mitti þegar lögregla kom á vettvang.


Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND


Hvílist í fangi langa-langa-langömmu sinnar og með fleiri ömmur í kring:

# Sex ættliðir samankomnir við skírn

**FÓLK** Hann á átta ömmur og tvo afa þessi litli en gjörvilegi drengur sem hvílir í fangi langa-langa-langömmu sinnar, hennar Laufeyjar Þorgeirsdóttur fyrir miðju myndarinnar, og telst því ef til vill til nokkurra af ríkustu Íslendingunum um þessar mundir.

Drengurinn litli fæddist 18. október eða í miðri ólgu efnhagsumrótsins. Móðir hans, Svanhildur Hanna Freysteinsdóttir, segir hann hafa komið í heiminn í Vestmannaeyjum þar sem fjölskyldan er búsett og hafi þau ekki látið annað umstang en það sem fylgir barnsfæðingu á sig fá.

„Pabbinn er Vestmannaeyingur en ég er Siglfirðingur og saman búum við í Eyjum,“ segir Svanhildur sem er ekki tilbúin að segja son sinn algeran Eyjamann þótt hægt sé að rekja ættir hans langt aftur á því svæði.

Drengnum var gefið nafnið Kristinn Freyr Sæþórsson í byrjun þessa mánaðar og má slá því föstu að fá börn fái að njóta jafnmikillar athygli jafnmargra ættliða og hann.

Í efri röð frá vinstri má sjá langömmu Kristins, hana Jóhönnu Hlín Ragnarsdóttur sem fædd er árið 1954, því næst er amma hans, Kristín María Hlökk Karlsdóttir sem fædd er 1970. Í neðri röðinni er svo langa-langamma hans hún Louise Kristín Theodórsdóttir sem fædd er árið 1934, en Kristinn Freyr sjálfur hvílir svo í fangi langa-langa-langömmu sinnar, hennar Laufeyjar, sem fædd er árið 1914, og við hlið þeirra situr svo móðir Kristins, hún Svanhildur, sem fædd er árið 1988. **- kdk**



**Í KVENNAFANS** Drengur sem á eins margar ömmur á lífi og hann Kristinn Freyr hlýtur að teljast ríkur.



Allt sem þú þarft!
– 0 kr. út og þú ert í sambandi úti og inni!
VERÖLD NOVA
Sony Ericsson G502
útborgun
0 kr.
Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!
Staðgreitt: 24.000 kr.
3G internet + 3G pungur
útborgun
0 kr.
Afborgun 1.990 kr. á mán.
Allt að 5 Mb/s hraði og 5GB innifalið.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti
+250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.
NOVA
Netið í símann frítt til 1. jan!
0 kr. Nova í Nova!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 07.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,38 | 130,00 |
| Sterlingspund | 204,15 | 205,15 |
| Evra | 165,54 | 166,46 |
| Dönsk króna | 22,231 | 22,361 |
| Norsk króna | 18,96 | 19,072 |
| Sænsk króna | 16,485 | 16,581 |
| Japanskt jen | 1,3279 | 1,3357 |
| SDR | 192,44 | 193,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,2843

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánafyrirgreiðslu til Ungverjalands:

# Frysting ríkislauna meðal skilyrða

**UNGVERJALAND** Frysting launa opinberra starfsmanna er meðal ráðstafana sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, hefur gert ungverskum stjórnvöldum að grípa til sem skilyrði fyrir því að þiggja 12,5 milljarða evra lán úr sjóðnum til að bægja frá hættu á hruni fjármálakerfisins í landinu.

Listinn yfir þessi skilyrði var birtur á heimasíðu ungverska seðlabankans fyrir helgi, eftir að framkvæmdastjórn IMF samþykkti lánveitinguna til Ungverja.

Aðalmarkmið ungverskra stjórnvalda samkvæmt þessum lista er í fyrsta lagi að draga úr þörf ríkisins fyrir lánsfé og bæta langtímastöðugleika í ríkisfjármálum, í öðru lagi að sjá til þess að viðskiptabankar landsins hafi nægilegt eigið fé og lausafé sé nægilegt á fjármálamarkaði innanlands; og í þriðja lagi að byggja undir traust og tiltrú og tryggja aðgengi að nægilegu lánsfé erlendis.



**FRÁ BÚDAPEST** Ungverska þinginu er ætlað að afgreiða fljótt ýmis kreppulög samkvæmt IMF-áætluninni.

Þá eru sett allítarleg markmið um rekstur ríkisins á næsta ári. Stefnt skuli að því að núverandi hallarekstri ríkissjóðs verði snúið upp í rekstrarafgang strax á þriðja ársfjórðungi 2009, skuldasöfnun ríkisins skuli hætt og þak sett á heildarskuldir þess.

**Enn fremur er þess vænst að:**

- lög verði sett fyrir komandi áramót um fjárhagslega ábyrgð;
- lög sett til eflingar neyðarvalds fjármálaeftirlitsins;
- ríkisútgjöld minnki um 2 prósent af þjóðarframleiðslu fyrir lok næsta árs, en meðal ráðstafana sem taldar eru upp til að ná því markmiði er nefnt að frysta laun opinberra starfsmanna, hætta að greiða 13. mánaðarlaun í opinbera geiranum, fresta vísitölubindingu sumra bóta í félagslega kerfinu og skera niður rekstrarfé ráðuneyta. **- aa**



**HARÐUR ÁREKSTUR** Strætisvagninn lenti aftan á græna bílnum og eins og sjá má var höggið mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Slys á Hringbraut:

## Klemmdist á milli bílanna

**SLYS** Maður liggur alvarlega slasaður á sjúkrahúsi eftir harðan árekstur strætisvagns og tveggja fólksbíla á Hringbraut í Reykjavík á laugardagskvöld.

Maðurinn var að tengja startkapla milli tveggja kyrrstæðra bíla á götunni þegar strætisvagninn kom aðvífandi. Vagnstjórinn náði ekki að bregðast nógu fljótt við og hafnaði aftan á öðrum bílnum, hann kastaðist síðan á hinn fólksbílinn með þeim afleiðingum að maðurinn klemmdist á milli.

Maðurinn er meðal annars brotinn á báðum fótum en er ekki í lífshættu. **- þo**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fundu kókaín við húsleit**

Lítils háttar magn af kókaíni fannst við húsleit í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld. Var húsráðandi handtekinn og telst málið upplýst. Þá gisti einn fangageymslur í Eyjum vegna ölvunar.

### ÞÝSKALAND

**Kristalsnætur minnst**

Bæði í Þýskalandi, Ísrael og fleiri löndum var hinnar svonefndu kristalsnætur minnst í gær. Fyrir réttum 70 árum, 9. nóvember 1938, hófu nasistar í Þýskalandi skipulagða herferð gegn gyðingum sem á stríðsárunum náði hámarki í helförinni. Í henni týndu um sex milljónir evrópskra gyðinga lífi.

# Barnaklámsmál teygir sig til Íslands

**Bandarískur maður hefur verið dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að framleiða og dreifa barnaklámi. Upptökur af hótelherbergi í Reykjavík voru meðal sönnunargagna en þar dvaldi maðurinn ásamt ólögráða pilti í Íslandsför sinni árið 2003**

**BANDARÍKIN** Bandarískir dómstólar hafa dæmt 27 ára gamlan karlmann, Timothy Ryan Richards, í 16 ára fangelsi fyrir framleiðslu og dreifingu barnakláms. Richards átti í kynferðislegu sambandi við unglingspilta undir lögaldri og ferðaðist meðal annars með einum þeirra alla leið til Íslands árið 2003. Myndband sem Richards tók upp á hótelherbergi í Reykjavík var meðal sönnunargagna sem lögð voru fram í málinu. Einnig kvittun fyrir gistingu á Hótel Keflavík.

Richards var handtekinn í september árið 2005 og rúmu ári síðar var réttað yfir honum. Meðan Richards beið dómsins bloggaði hann úr fangelsinu um reynslu sína og taldi sig vera hafðan fyrir rangri sök.

Pilturinn sem Richards bauð með sér til Íslands var aðeins fjórum árum yngri en hann en þeir höfðu átt í sambandi síðan þeir voru 14 og 18 ára gamlir. Sambandinu lauk skömmu eftir heimsóknina til Íslands um líkt leyti og pilturinn varð lögráða.

Í skjölum frá réttarhöldunum kemur fram að Richards hafi dvalið með piltinum á Íslandi í nokkra daga í febrúar árið 2003. Þeir hafi meðal annars skroppið í Bláa lónið. Í myndbandi úr ferðinni, sem notað var sem sönnunargagn, sést pilturinn í sturtu. Þar bregður nafni hótelsins fyrir á sturtuhenginu en pilturinn segir að þeir hafi dvalið á Hótel Reykjavík. Richards staðhæfði hins vegar fyrir rétti að myndirnar væru frá Bandaríkjunum, teknar eftir að pilturinn varð lögráða.



**HÓTEL KEFLAVÍK** Reikningur af hótelinu, dagsettur 18. febrúar 2003, var meðal sönnunargagna. Þar gistu Richards og pilturinn eftir að flugi þeirra til Bandaríkjanna var aflýst.



**DÆMDUR** Richards var 22 ára þegar hann heimsótti Ísland ásamt tæplega átján ára „kærasta“ sínum.



**HÓTEL REYKJAVÍK** Pilturinn segir að þeir Richards hafi gist á Hótel Reykjavík í Íslandsferð sinni. Nafni hótelsins á að bregða fyrir á sturtuhengi í kynferðislegu myndbandi sem Richards tók af piltinum á hótelinu.

Richards átti einnig í sambandi við aðra unglingspilta og myndaði kynferðisathafnir sínar með þeim. Hann virðist yfirleitt hafa misst áhugann á piltunum um það leyti sem þeir urðu lögráða og þegar Richards var handtekinn í hitteðfyrra bjó hann með þrettán ára gömlum dreng.

Fréttablaðið ræddi við nokkra aðila innan lögreglunnar en enginn þeirra kannaðist við að málið hefði komið inn á borð til þeirra.

thorgunnur@frettabladid.is

Áhrif bankakreppunnar hér:

## Þýskur banki afskrifar milljarða

**ÞÝSKALAND Landesbank Baden-Würtemberg (LBBW), stærsti héraðsbanki Þýskalands, á um einn milljarð evra, andvirði um 165 milljarða króna á núverandi gengi, útistandandi í þjóðnýttu bönkunum íslensku. Þetta var fullyrt í þýska dagblaðinu Süddeutsche Zeitung á laugardag.**

**Talsmenn bankans hafa neitað að staðfesta þessar upplýsingar, en tjáðu Reuters-fréttastofunni um helgina að þeir gerðu nú ráð fyrir að bankinn þyrfti að afskrifa 350 milljónir evra, um 58 milljarða króna, í kröfum sem hann átti hjá íslensku bönkunum.**

**Að sögn talsmannsins er LBBW nú að íhuga alvarlega að leita á náðir björgunarsjóðsins sem þýsk stjórnvöld hafa sett á fót. - aa**

Stakk lögregluna af:

## Eftirför endaði með útafakstri

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum leitar nú ökumanns vélhjóls sem stakk lögreglu af í Sandgerði í gær.

Lögreglan var við eftirlit um miðjan dag í gær þegar hún sá til ferða manns á mótorkrosshjóli í ofsaakstri innanbæjar. Hugðist lögregla ná tali af ökumanninum en hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum hennar og jók hraðann.

Lögregla veitti manninum eftirför en missti stjórn á bíl sínum svo hann hafnaði utan vegar og er talsvert tjónaður. Engin slys urðu á fólki.

Ökumaðurinn hafði ekki gefið sig fram í gærkvöld en lögregla er með upptöku af atvikinu og mun rannsaka hver þarna var á ferð. **- þo**


**Imodium®**
Við bráðum niðurgangi




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Imodium® (lóperamíð)** 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. **Skammtar og lyfjagjöf:** Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. **Varnaðarorð:** Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KÓLANDI VEÐUR**

Norðanáttinnir tekst ætlunarverk sitt. Það er að kólna. Í dag verður hitinn á Norðurlandinu nálægt frostmarki og fer kólnandi. Í kvöld verða víða komnar bláar tölur á sunnan-vert landið. Á miðvikdag fer heldur hlýnandi með suðurströnd landsins en áfram verður þó svalt á landinu norðanverðu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Amsterdam | 15° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| New York | 11° |
| Orlando | 23° |
| Osló | 4° |
| París | 16° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Ertu að leita að góðum innlánsvöxtum?

## 7,70% innlánsvextir á verðtryggðum sparnaðarreikningi

- Betri innlánsvextir
- Öruggur sparnaður
- Engin lágmarksupphæð
- 36 mánaða binditími




S24 ...og þú hagnast

M.v. vaxtatöflu S24
21. 10. 2008

Sæktu um... **www.s24.is**

533 2424 – Sætún 1

**KJÖRKASSINN**




*Mættir þú í mótmæli í miðborginni á laugardag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 18,3% |
| NEI | 81,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði átt að gera íslensku bönkunum kleift að gera upp í evrum?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Deilan við Holland og Bretland um Icesave-reikninga Landsbankans:

# Hindra afgreiðslu IMF-láns

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnir Hollands og Bretlands standa í vegi fyrir afgreiðslu fyrirhugaðs láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands uns samið hefur verið um bætur til innstæðueigenda Icesave-reikninga í báðum þessum löndum. Þetta var fullyrt í frétt í hollenska dagblaðinu NRC Handelsblad um helgina og vísað í heimildarmenn innan hollenska fjármálaráðuneytisins þessu til staðfestingar.

Í frétt blaðsins er tekið fram að fulltrúar bæði í hollenska og breska fjármálaráðuneytinu vildu ekki láta hafa þessar upplýsingar eftir sér undir nafni, svo lengi sem samningaviðræður stæðu enn yfir við íslensk stjórnvöld.

Um 30.000 hollenskir aðilar, bæði einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir, eru sagðir eiga um tvo milljarða evra inni á Icesave-netreikningum Landsbankans. Hollensk stjórnvöld hafa boðist til að veita Íslandi lán til tíu ára fyrir því sem nemur lágmarks-innstæðutryggingafjárhæðinni, 20.887 evrur á hvern reikning, sem samsvarar yfir þremur milljónum króna á núverandi gengi. Bresk yfirvöld eru þegar farin að greiða hinum 230.000 Icesave-innstæðueigendum í Bretlandi út innstæðutryggingafé, sem þau síðan ætlast til að íslensk stjórnvöld endurgreiði upp að sömu fjárhæð á hvern reikning. **- aa**




**REIÐI** Stuðningsmenn hollenska fótboltalandsliðsins mótmæla lokun Icesave á landsleik landanna fyrir skemmstu. NORDICPHOTOS/AFP

Hannes Smárason:

## Hafnar alfarið aðdróttunum

**VIÐSKIPTI „Engin lög voru brotin eins og gefið er í skyn og er allur málflutningur í fréttinni afar ósmekklegur,“ segir í tilkynningu frá Hannesi Smárasyni, fyrrum stjórnarformanni FL-Group, í tilefni greinar sem birtist í sunnudagsútgáfu Morgunblaðsins. Þar segir að Hannes hafi í heimildarleysi látið flytja þrjá milljarða króna af reikningum FL til Kaupþings í Lúxemborg árið 2005, til að hjálpa Pálma Haraldssyni í Fons við kaup á lágjaldaflugfélaginu Sterling.Enn fremur segir í tilkynningunni að endurskoðendur hafi áritað uppgjör félagsins árið 2006 án athugasemda. - kg**



**FÁ EKKI HÆLI** Omar Osama bin Laden og hin breska kona hans Jane Felix-Brown í viðtali í Kaíró í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bin Laden-sonur á hrakhólum:

## Vísað frá Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP Yfirvöld í Egyptalandi neituðu í gær að hleypa Omar Osama bin Laden, einum af sonum Al-Kaída-leiðtogans alræmda Osama bin Laden, inn í landið og sendu hann til Katar. Þar með er Egyptaland þriðja landið sem meinar hinum sjálfskipaða „friðarsendiherra“ um landvist.**

**Bin Laden og bresk eiginkona hans lentu á alþjóðaflugvellinum í Kaíró um helgina eftir að þau reyndu án árangurs að fá pólitískt hæli á Spáni, á þeirri forsendu að þau óttuðust um öryggi sitt í arabalöndum. Parið var búsett í Egyptalandi undanfarið ár. - aa**

# Segja aðgerðir Breta hafa verið ólöglegar

**Fyrrverandi bankastjórar segja bresk yfirvöld hafa unnið ómælt tjón með því að fara langt út fyrir valdsvið sitt og beita hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum. Aðgerðirnar voru óþarfar og ólöglegar segir Halldór J. Kristjánsson.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég tel að það hafi verið ólögmætt að beita hryðjuverkalögunum til að ganga fram með þessum hætti,“ segir Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbanka Íslands, um yfirtöku breskra stjórnvalda á eignum Landsbankans.

Bresk stjórnvöld yfirtóku útibú Landsbankans í Bretlandi og dótturfélagið Heritable Bank 7. október síðastliðinn. Eins og kunnugt er studdust Bretar við löggjöf gegn hryðjuverkum. Halldór segir yfirtökuna einfaldlega ekki hafa staðist skilyrði þeirra laga um að aðgerðir þyrftu að vera yfirvofandi sem ógnuðu efnahag Bretlands.

„Reikningur sem varðaði 0,5 prósent af heildarinnlánum í landinu getur nú varla talist hafa getað velt öllu efnahagskerfi Breta. Í öðru lagi var unnið að því fyrir þessa helgi að færa fjármuni til Bretlands þannig að ekki þyrfti að óttast að því væri öfugt farið. Þetta var gert til að standa á móti hugsanlegu útflæði úr Icesave-reikningunum þannig að við teljum ekki að skilyrði beitingar þessara laga hafi verið fyrir hendi fyrir utan hvað það var óþarft og ósmekklegt að beita þeim,“ segir Halldór.

Aðspurður segir Halldór það vera skilanefndar Landsbankans að svara því hvort Bretar verði lögsóttir vegna aðgerða sinna. „En almennt má segja að ef ólögmætar aðgerðir valda skaða þá er það samkvæmt hefðbundnum sjónarmiðum eitthvað sem menn vilja fá að leysa úr,“ segir hann. Ekki náðist í gær í nefndarmenn skilanefndar Landsbankans.

Í yfirlýsingu sem Halldór og meðbankastjóri hans í Landsbankanum, Sigurjón Þ. Árnason, sendu frá sér á laugardag segir að bresk stjórnvöld hafi farið langt út fyrir valdsviðsittogvaldið„ómælanlegu“ tjóni með aðgerðum sínum. Halldór nefnir sérstaklega í þessu sambandi yfirtöku á Heritable-bankanum, áðurnefndu dótturfélagi Landsbankans. Það hafi verið algerlega óþarft inngrip gegn traustu félagi.

„Það verður auðvitað feykilegt fjárhagslegt tjón þegar tekinn er yfir banki og strax á fyrsta degi rifin úr honum innlánin, sem eru kjarninn í starfseminni. Þá glatast til dæmis möguleikinn á því að selja bankann sem starfhæfa eingu. Það er ekki nokkur vafi á því að Heritable-bankinn var afskaplega vel rekinn og góður banki með gott orðspor og það hefðu verið margir viljugir kaupendur að honum ef hann hefði ekki verið tekinn svona alveg að óþörfu,“ segir Halldór J. Kristjánsson.

**gar@frettabladid.is**




**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON OG SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Fyrrverandi bankastjórar Landsbankans telja Breta hafa valdið ómælanlegu tjóni með löglausri yfirtöku á eignum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

Bankastjóri og fjármálaeftirlit:

## Ráðherra ekki sagt frá Icesave

**EFNAHAGSMÁL** „Viðræður okkar við breska fjármálaeftirlitið síðasta vor þörfnuðust hvorki atbeina íslenska fjármálaeftirlitsins né viðskiptaráðherra,“ segir Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri hjá Landsbankanum. Halldór vísar þar til fullyrðinga um að Björgvin G. Sigurðsson hafi þegar í mars vitað af meintum vandræðum með Icesave-reikninga í Bretlandi. „Viðræðurnar snerust um lausafjárstýringu og engin sérstök vandamál voru í sambandi reikningana,“ segir Halldór. Í yfirlýsingu frá Jónasi Fr. Jónssyni, framkvæmdastjóra Fjármálaeftirlitsins, segir að hvorki hafi verið rætt við Björgvin í vor um að unnið væri að breytingum Icesave í dótturfélag né um gerð samkomulags við breska fjármálaeftirlitið um umgjörð reikninganna. **- gar**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Hruninn skóli á Haítí:

## Reiði meðal almennings

**HAÍTÍ, AP Reiður múgur gerði í gær aðsúg að liðsmönnum björgunarsveita, sem hafa síðan á föstudag unnið að því að ná fólki út úr rústum þriggja hæða skólahúss sem hrundi í fátækra-úthverfi höfuðborgarinnar Port-au-Prince. Fólkið vildi mótmæla meintum hægagangi í björgunarstarfinu.**

**Minnst 88 skólabörn og fullorðnir létu lífið er húsið hrundi, að því er virðist ekki af annarri ástæðu en þeirri að það var illa byggt.**

**Rene Preval forseti, sem heimsótti vettvang nokkrum sinnum um helgina, sagði óstöðugu stjórnarfari og lélegu byggingaeftirliti um að kenna. - aa**







Kjördæmaþing Framsóknarflokksins í norðvesturkjördæmi:

# Þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn í norðvesturkjördæmi krafðist þess á kjördæmaþingi sínu í Reykholti um helgina að ítarleg rannsókn yrði gerð á hruni efnahagslífsins. „Við leggjum mikla áherslu á að það verði ekkert dregið undan, að það verði engum hlíft í því og allar staðreyndir komi upp á borðið,“ segir Sigurður Árnason, formaður kjördæmasambands norðvesturkjördæmis.

Jafnframt var á fundinum tekið undir ályktun miðstjórnar frá því í vor um að eðlilegt sé að spurningin um hvort ríkisstjórnin fái umboð til að ganga til aðildarviðræðna við ESB verði borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Það er ekki mikil breyting þar. Við göngum heldur skemur en sumir hafa verið að gera annars staðar,“ segir Sigurður.

Um 80 til 90 manns sóttu þingið og var Sigurður ánægður með daginn. „Það var ágætlega sótt hjá okkur og búnar að vera fínar umræður í allan dag, sem eðlilega hafa snúist mikið um efnahagsástandið.“

Hann vill ekki meina að hiti hafi verið í mönnum. „Nei, þetta var mjög málefnalegt, það var alls ekki hiti. Menn sögðu bara sínar skoðanir og það var allt gert á mjög eðlilegum nótum.“ **- fb**



**FUNDUR** Frá miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í vor þar sem ályktað var, rétt eins og í gær, að eðlilegt sé að þjóðin fái að kjósa um aðild að ESB.




Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum.

Þann 11. og 25. nóvember drögum við út fjöldann allan af nýjum vinningshöfum, þar á meðal 30 milljónamæringa. Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvers kyns fugl neitar að yfirgefa Náttúrugripasafn Vestmannaeyja?*
2. *Hvað heitir framkvæmdastjóri Kolaportsins?*
3. *Í hvaða landi hrundi skóli til grunna á föstudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Rússar hafa í hótunum vegna áforma um eldflaugavarnir:

# Flaugar fluttar upp að Póllandi

**PÓLLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld munu gera alvöru úr áformum sínum um að koma upp skammdrægum eldflaugum í Kalíningrad, við landamæri Póllands, ef Bandaríkjamenn gera alvöru úr að koma upp gagneldflaugum fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi sitt í Póllandi. Þetta sagði rússneski aðstoðarutanríkisráðherrann Alexander Grúsjkó í gær.

Kalíníngrad-hérað var fram til ársins 1945 norðurhluti þýska héraðsins Austur-Prússlands en er nú rússnesk hólmlenda við botn Eystrasaltsins, klemmd á milli Póllands og Litháens. Rússar hafa hótað að sýna í verki hversu alvarlega þeir taka áformaði uppsetningu hins bandaríska eldflaugavarnabúnaðar í Póllandi og Tékklandi með því að flytja til Kalíningrad Iskander-eldflaugar, sem hafa um 280 kílómetra drægi.



**AUÐFLUTTAR FLAUGAR** Hreyfanlegir skotpallar fyrir Iskander-eldflaugar rússneska hersins á hersýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á laugardag sagði pólski forsetinn Lech Kaczynski að Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefði tjáð sér í símasamtali á föstudag að hann hygðist halda uppbyggingu eldflaugavarnakerfisins áfram. Þessari fullyrðingu andmælti Denis McDonough, utanríkismálaráðgjafi Obama og talsmaður Kaczynskis sagði í gær að Obama hefði ekki „lýst neinu yfir varðandi eldflaugavarnir“.

Áður hafði pólska stjórnin sagt að framkvæmd áformanna væri háð því að tékkneska þingið staðfesti uppsetningu ratsjár fyrir eldflaugavarnakerfið þar í landi. **- aa**

**ALÞINGI**

### Spurt um jafnrétti í bönkum

Siv Friðleifsdóttir spyr viðskiptaráðherra hver beri ábyrgð á því að kynjajafnræðis sé gætt við skipulagsbreytingar í ríkisbönkunum. Hún spyr líka um kynjahlutfall í stjórnendahópnum, fyrir og eftir ríkisvæðingu. Þá vill hún vita hvernig ráðherrann hefur beitt sér í jafnréttismálum í bönkunum.

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Danska jólatréð bregst ekki

Frederiksberg kommune í Danmörku hefur tilkynnt að sveitarfélagið muni senda Hafnarfjarðarbæ jólatré fyrir komandi jól sem endranær. Bæjarráð Hafnarfjarðar kveðst kunna Frederiksberg bestu þakkir fyrir vinsemdina.

# Alþingi þarf ekki að samþykkja neyðarlán frá IMF

**Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum rúmast innan lántökuheimilda ríkissjóðs. Ekki þarf sérstaka samþykkt þingsins. Prófessor í lögum mælir þó með að það sé gert. Ekki um venjulegan milliríkjasamning að ræða.**

**EFNAHAGSMÁL** Fáist neyðarlán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) rúmast það innan heimilda ríkissjóðs um erlenda lántöku og þarf því líklegast ekki að koma til sérstakrar umræðu eða samþykktar Alþingis. Sex af tólf ráðherrum ríkisstjórnarinnar hafa séð efnahagsáætlunina sem lántakan byggir á, að því er næst verður komist. Meginlínur áætlunarinnar voru aðeins lauslega kynntar öðrum ráðherrum og þingflokkum stjórnarflokkanna. Tvö lönd hafa fengið lán frá IMF með ólíkum skilyrðum.

Ríkisstjórnin fékk opna lagaheimild í maí til að taka allt að 500 milljarða króna erlent lán á þessu ári til að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans. Þessi heimild er talin ná til neyðarláns IMF, sem nemur um 270 milljörðum, og því þurfi málsmeðferðin, þegar og ef lánið fæst, ekki að koma sérstaklega til kasta Alþingis. Þess utan virðist ekki um formlegan milliríkjasamning að ræða og þarf því ekki umfjöllun þingsins í því ljósi, eins og milliríkjasamningar þurfa heilt yfir. Um þetta eru þó skiptar skoðanir. Að öllu jöfnu heyrir samningsumboð í milliríkjasamningum undir utanríkisráðherra. Svo er ekki í tilfelli IMF. Málefni sjóðsins heyra undir forsætisráðuneytið og er hann eina alþjóðastofnunin sem utanríkisráðuneytið sinnir ekki.

Sigurður Líndal, prófessor í lögfræði, segir að þeir samningar sem bera þarf undir Alþingi séu skilgreindir í 21. grein stjórnarskrárinnar. Þar komi skýrt fram að þingið þurfi að fjalla um samninga sem fela í sér kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. „Nú er bara spurningin hvað stendur í þessari efnahagsáætlun, það vita víst fáir. Það getur hins vegar verið skynsamlegt að leggja samninginn fyrir þingið. Ef samningurinn felur til dæmis í sér útgjöld þá verður að fá fjárlagaheimild fyrir því. Sama á við ef hann skerðir fullveldið með einhverjum hætti.“

Þeir sem þekkja efni efnahagsáætlunarinnar í þaula eru aðeins sex af tólf ráðherrum ríkisstjórnarinnar, að því er næst verður komist, og hópur sérfræðinga sem unnu með ríkisstjórn, Seðlabanka og samninganefnd IMF í síðasta mánuði. Þingflokkum var greint frá megindráttum áætlunarinnar og utanríkismálanefnd fjallaði ekki um hana, þrátt fyrir að efni fundanna sé bundið trúnaði.

Vonast er til að lánsumsókn Íslands verði tekin fyrir í vikunni, en því hefur verið frestað í tvígang. **svavar@frettabladid.is**



**RÍKISRÁÐSFUNDUR** Geir, Þorgerður og Árni, Ingibjörg, Össur og Björgvin eru þeir sex ráðherrar af tólf sem hafa séð efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, að því er næst verður komist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LÁNTAKA ÚKRAÍNU OG UNGVERJALANDS

**Úkraína fær lán frá IMF**

Fjárlagahalli verði enginn árið 2009, að undanskildum þeim útgjöldum sem fara í að halda bönkunum gangandi.

Stjórnvöld hafa ákveðið að breyta verðlagningu í orkugeiranum og laga lágmarkstekjur, lífeyri og tryggingabætur að verðbólgu.

Stefnt er að því að gjaldmiðillinn verði settur á flot strax og aðstæður leyfa, sjálfstæði seðlabanka verði eflt og peningamálastefna verði hert til að ná markmiði um 17 prósent verðbólgu á næsta ári.

Skattur á erlend gjaldeyrisviðskipti verður afnuminn.

**Ungverjaland fær lán frá IMF, ESB og Alþjóðabankanum**

Aðaláherslan er á að draga úr ríkisskuldum með niðurskurði á fjárlögum til að tryggja að stjórnvöld geti fjármagnað útgjaldaþörf í bráð og lengd. Fjárlög verði skorin niður um 2,5 prósent af þjóðarútgjöldum. Lágtekjulífeyrisþegar fá þó að halda áfram lífeyrisaukagreiðslum, sem annars verða felldar niður.

Bankakerfið verður styrkt með fjárframlögum og stofnaður verður tryggingasjóður fyrir millibankalán líkt og tíðkast annars staðar.



**PAKKAJÓL** Erill var á skrifstofu KFUM og -K á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Átakið Jól í skókassa:

## Þúsundir pakka til Úkraínu

**HJÁLPARSTARF „Þetta gekk alveg ljómandi vel. Við bjuggumst við færri pökkum í ár en í fyrra vegna ástandsins í þjóðfélaginu, en alls söfnuðust rétt tæplega 5.000 pakkar, tuttugu færri en í fyrra,“ segir Björg Jónsdóttir, sem starfar í framkvæmdahóp KFUM og -K. Átakinu „Jól í skókassa“, þar sem safnað er jólagjöfum handa fátækum börnum í Úkraínu, lauk á laugardag og verða tæpir 5.000 pakkar sendir til Úkraínu í vikunni. Er þetta fimmta árið í röð sem slík söfnun er haldin.**

**Að sögn Bjargar söfnuðust 500 pakkar fyrsta árið. „Þessir pakkar koma frá einstaklingum, vinnustöðum, leikskólum og saumaklúbbum um allt land. Við erum mjög ánægð.“ - kg**



**ÞÓRSHÖFN** Hlýir straumar berast að Íslandi frá Færeyjum.

Færeyskir atvinnurekendur:

## Hlýjar kveðjur til Íslendinga

**EFNAHAGSMÁL** „Þor og dugur hefur alltaf verið aðalsmerki og traustur grundvöllur íslensku þjóðarinnar og við erum sannfærð um að ykkur mun takast að byggja upp blómlegt atvinnulíf að nýju,“ segir í hvatningarkveðju Félags atvinnurekenda í Færeyjum, Föroya Arbeiðsgevarafelags, til Samtaka atvinnulífsins. „Við vitum að fram undan er mikið átak sem einungis fáir í hinum þróaða heimi geta sett sig inn í og skilið. Við höfum verið í svipaðri aðstöðu og fundum einatt fyrir hlýlegu viðmóti og jákvæðu viðhorfi frá ykkur Íslendingum,“ segja Færeyringarnir með ósk um áframhaldandi samvinnu í góðum anda. **- gar**

Alþjóðlega fjármálakreppan reynir einnig á bræður okkar í Færeyjum:

# Norræna í ólgusjó fjármálakreppunnar

**FÆREYJAR** Færeyska lögþingið hefur samþykkt aðgerðir til að bjarga færeysku ferjunni Norrænu og útgerð hennar, Smyril Line, frá gjaldþroti með því að leggja til 40 milljónir færeyskra króna í hlutafé til fyrirtækisins eða um það bil 900 milljónir íslenskra króna. Auk þess fær fyrirtækið lán upp á 26 milljónir færeyskra króna frá öðrum aðilum eða um 570 milljónir íslenskra til viðbótar.

*Jónas Hallgrímsson*, talsmaður Norrænu ferðaskrifstofunnar á Íslandi, segir að ekki þurfi að fjölyrða um hve alvarlegar afleiðingar það hefði á íslenska ferðaþjónustu og margs konar fyrirtæki á landsbyggðinni ef rekstri ferjunnar yrði hætt.

Ekki hefur verið fullkomin sátt um málið í færeyska þinginu og við atkvæðagreiðslu um málið var næstum hnífjafnt á milli þeirra sem voru með styrkveitingu til norrænu og þeirra sem voru á móti. Félagið var áður opinbert fyrirtæki en er nú hlutafélag, að langstærstum hluta í eigu Færeyinga en Hjaltlendingar, Íslendingar og Danir eiga einnig hluti í því. Jónas útskýrir að þótt mikill fjöldi ferðamanna hafi ferðast með ferjunni síðasta sumar hafi kostnaðarsamar viðgerðir og óvenjuhátt olíuverð í sumar orðið til þess að halli varð á rekstri fyrirtækisins. Hann segist þó ekki hafa trúað öðru en Færeyingar brygðust við málinu enda sé ferjan þeirra þjóðleið.

Í viðtali við færeyska blaðið Dimmalætting segir Peter S. Holm að komið hafi til greina að selja skipið úr landi. Hann telji sérlega ánægjulegt að svo virðist sem ekki þurfi að koma til þess og færeysk lausn hafi verið fundin. Nauðsynlegt sé þó að grípa til aðgerða til að rétta af reksturinn en ekki sé hægt að greina frá hugmyndum um frekari fyrirætlanir enn sem komið er. **- kdk**




**FÆREYSKA FLAGGSKIPIÐ** Norræna er oft kölluð þjóðvegur Færeyinga og er hún eyjunum átján afar mikilvæg. Legðist reksturinn af myndi það að öllum líkindum valda miklum búsifjum í íslenskri ferðaþjónustu.

# Heildarlausnir í hýsingarþjónustu



www.tas.is

Hýsing hugbúnaðar

Fjárfesting í vélbúnaði óþörf

Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn

Lægri rekstrarkostnaður

## Veldu öryggi og lækkaðu rekstrarkostnaðinn

Með hýsingu á hug- og vélbúnaði greiðir viðskiptavinur eingöngu mánaðarlegt gjald og þarf ekki að fjárfesta sjálfur í dýrum búnaði.

Umsjón, rekstur og viðhald er í höndum sérfræðinga.

Með hýsingarlausnum er því hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir í rekstrarkostnað.

TAS býður upp á hýsingu í sérhönnuðu kerfisrými þar sem lögð er sérstök áhersla á öryggi, rétt hitastig og órofið rafmagn.

- Öryggisafritun á hverjum degi.
- Tvöföld tenging við Internetið.
- Viðbragðstími vegna bilana í algjöru lágmarki.
- Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn.

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:
412-1400 | hjalp@tas.is | www.tas.is

TAS



**FYRRA STRÍÐS MINNST** Elísabet II Bretadrottning var alvaran uppmáluð við minningarathöfn um lok fyrra stríðs í Lundúnum í gær. Hefð er fyrir að halda slíka athöfn þann sunnudag sem næstur er vopnahlésdeginum 11. nóvember ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Neytendur:** Það sem áður var frítt hjá Icelandair kostar nú

# *Ókeypis háloftamatur fyrir bí*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Þjónustan um borð í vélum Icelandair hefur breytt um svip. Kiddi skrifar: *„Ég fór með Icelandair til Danmerkur um þarsíðustu helgi. Þeir eru farnir að selja heyrnartól á 400 kr., hættir með matarbakka og farnir að selja samlokur á 600–800 kr. Uppblásinn koddi og teppi kosta 800 kr. Það er ekki enn komið rúllugjald á salernin en það er bara tímaspursmál. Menn sem keyptu miðana sína fyrir síðustu mánaðamót fá fría samloku og þeir sem lesa blaðið í sætisvasanum fyrir framan sig (Atlantica, bls. 68) sjá að þar er auglýst frí máltíð og drykkur með. Eins og flestir vita er skylt að efna auglýsingar og blaðið gildir nóv.-des. Þannig að ef þið bendið á auglýsinguna ættuð þið að fá frítt að borða. Það er ekkert verið að slá af miðaverði þannig að þetta er bara refsing fyrir farþega. Persónulega held ég að Icelandair hafi hrapað í áliti flestra með þessu og verði aldrei annað en lággjaldaflugfélag með háu miðaverði.“*

Við athugun á heimasíðu Icelandair kom í ljós að verðið reyndist rétt. Fríu máltíðirnar voru aflagðar hinn 1. nóvember á fjölmennasta farrýminu, „Economy Class“. Farþegum á dýrari farrýmum, „Economy Comfort“ og „Saga Class“, er hins vegar enn þá boðið upp á mat sem er innifalinn í fargjaldinu.




**EKKERT FRÍTT LENGUR Á ECONOMY CLASS ICELANDAIR** Spurning um að taka bara með sér nesti.

Gott að búa í Kópavogi:

## Umferðarslysum fer fækkandi

**LÖGREGLUMÁL Umferðaróhöppum þar sem slys hafa orðið á fólki hefur fækkað nokkuð í Kópavogi það sem af er árinu. Fyrstu átta mánuði ársins voru 38 slys af þessu tagi skráð hjá lögreglu en á sama tímabili árið 2007 voru þau 45.**

**Þetta er líka í takt við jákvæða þróun annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, Því fækkunin í umdæminu öllu nemur um 15 prósentum. Í þeim samanburði er reyndar átt við fyrstu sjö mánuði áranna 2007 og 2008 en byggt er á upplýsingum frá Umferðarstofu.**

- jss

Leiga hjá Félagsbústöðum hf. hækkar:

## Félagsleg leiga hækkar enn

**FÉLAGSMÁL** Leiga hjá Félagsbústöðum hf. hækkaði um 2,8 prósent í síðasta mánuði. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar og sér um félagslegt leiguhúsnæði.

Leiga Félagsbústaða er tengd vísitölu og hækkar ársfjórðungslega. Leigan hækkaði í janúar um 1,8 prósent, 1,6 prósent í apríl, 6,4 prósent í júlí og nú í október um 2,8 prósent.

„Við erum náttúrlega eins og hvert annað heimili, okkar stærsti kostnaðarliður er lán og þau eru náttúrulega vísitölutryggð,“ segir Sigurður Kr. Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða. Hann segir erfitt að hækka leiguna þar sem íbúar Félagsbústaða séu lágtekjufólk.Sigurður telur að aðgerðir til stuðnings húseigendum vegna hækkunar lána, sem verið hafa í deiglunni, hljóti að gilda um þá líka. „Það er samasem-merki á milli húseigenda og leigjenda í mínum huga.“

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að húsaleigan sé tengd vísitölu en húsaleigubætur séu það ekki. Í vor var stuðningskerfi Reykjavíkurborgar breytt þannig að niðurgreiðslu húsnæðis var hætt og sértækar leigubætur teknar upp í staðinn.

- kóp



**BROSTINN TRÚVERÐUGLEIKI** Lane segir trúverðugleika Seðlabanka Íslands sem bakhjarls sjálfstæðrar peningamálastefnu brostinn en horfur á evruaðild gætu gert honum kleift að setja krónuna aftur á flot uns af aðild getur orðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# ESB-umsókn stuðlar strax að stöðugleika

**Að mati írsks hagfræðiprófessors myndi ESB-aðildarumsókn stuðla að stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Horfur á evruaðild myndu gera Seðlabanka Íslands kleift að koma krónunni á flot til bráðabirgða.**

**EVRÓPUMÁL** Það eitt að ákveða að sækja um aðild að Evrópusambandinu og stefna að upptöku evru myndi „strax stuðla að stöðugleika í íslensku efnahagslífi.“ Að þessu færir Philip Lane, prófessor í alþjóðahagfræði í Dyflinni, rök í grein undir yfirskriftinni „Ísland: Framtíðin er í ESB,“ sem birt var á fimmtudag á vefnum VoxEU.org.

„Þrátt fyrir að ekki sé unnt að fá aðild bæði að ESB og evrusvæðinu á mjög skömmum tíma myndi það strax stuðla að stöðugleika í íslensku efnahagslífi að tilkynna um áform um að hefja aðildarviðræður,“ skrifar Lane og heldur áfram: „Þar að auki myndu horfurnar á að landið fengi inngöngu í Efnahags- og myntbandalagið sjá Seðlabanka Íslands fyrir þeirri kjölfestu sem þyrfti til að koma krónunni aftur á flot á millibilstímabilinu og hann þyrfti þar með ekki að sanna getu sína til að sjá íslensku efnahagslífi upp á eigin spýtur fyrir trúverðugri gjaldmiðilskjölfestu.“

Þá segir Lane að ástandið sem upp sé komið á Íslandi veki athygli á því að „tengsl Íslands við önnur Evrópulönd hafa reynst vera tiltölulega veik þegar á reyndi og mörg vandamál hefði mátt koma í veg fyrir hefði landið notið betri skilnings og nánari samstöðu á meðal evrópskra grannþjóða sinna.“ Að þessu leytinu súpi Ísland nú seyðið af því að vera aðeins laustengt ESB í gegn um EES í stað þess að vera fullgilt aðildarríki, með öllum þeim „fjölbreyttu gagnkvæmu skuldbindingum“ sem því fylgdi.



> Þrátt fyrir að ekki sé unnt að fá aðild bæði að ESB og evrusvæðinu á mjög skömmum tíma myndi það strax stuðla að stöðugleika í íslensku efnahagslífi að tilkynna um áform um að hefja aðildarviðræður
>
> **PHILIP LANE**
> PRÓFESSOR Í ALÞJÓÐAHAGFRÆÐI VIÐ TRINITY-HÁSKÓLA Í DYFLINNI

Lane færir enn fremur rök fyrir því að hrun fjármálakerfisins á Íslandi sýni „að eftirlit með fjármálastarfsemi og viðbrögð við aðsteðjandi vanda eru mjög krefjandi verkefni sem jafnvel stærstu ríkin sem búa yfir mesta mannauðnum eiga í erfiðleikum með.“ Þetta geri að verkum að lítil ríki njóti sérstaklega góðs af aðild að myntbandalagi. Einkum og sér í lagi eigi þetta við um land eins og Ísland, sem sitji uppi með alvarlega skaðaðan trúverðugleika sem bakhjarl sjálfstæðrar myntar.

„Það er mikilvægt að leggja áherslu á að það er enginn nærtækur valkostur við aðild að evrusvæðinu. Sérstaklega myndi einhliða upptaka evru eða myntráð standa fyrir mun veikari aga í peningamálum,“ skrifar Lane einnig. „Þessar leiðir eru líka miklu dýrari fyrir ríkið en full innganga í myntbandalag.“

audunn@frettabladid.is


## Námskeið um PCT kerfið



### Námskeið um alþjóðlegt umsóknarferli einkaleyfa

**Fimmtudaginn 13. nóvember nk.** stendur Einkaleyfastofan fyrir námskeiði um alþjóðlegt umsóknarferli fyrir einkaleyfi, **PCT-kerfið**. Farið verður yfir meginþætti kerfisins auk ítarlegrar umfjöllunar um formskilyrði umsókna. Fyrirlesari verður Yolande Coeckelbergs frá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf, WIPO.

Námskeiðið, sem er öllum opið, verður haldið í húsnæði Einkaleyfastofunnar, **Engjateigi 3, Reykjavík.**
Fimmtudaginn 13. nóvember, kl. 8.30–16.30.
Þátttökugjald er 10.000 kr.

Námskeiðsgögn og hádegisverður eru innifalin í þátttökugjaldi. Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig á heimasíðu Einkaleyfastofunnar, **www.els.is**
fyrir 10. nóvember. Námskeiðið fer fram á ensku.

ELS
Einkaleyfastofan



# LAGERÚTSALA








Heilsudýnur
Stillanleg rúm
Náttborð
Gaflar
Kommóður
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN HEIM

Smávara
Jólavara
Skápar/Skenkar
Borð
Ljós og fleira

## Allt að 80% afsláttur

## Síðustu dagar








Kletthálsi 13
opið 10-18 virka daga
12-15 á laugardögum
Sími 660 0035




Svefn & heilsa
★★★★★

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Framtíð hins endurreista Íslands:

# Hugmyndaauðgin

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Hún hefur verið löng, biðin eftir upplýsingum um hvert eigi að stefna og hvernig staðan er. „Nú er botninum náð og viðspyrnan getur hafist,“ hefur ómað, en ekkert breyttist samt. Á meðan ríkisstjórnin er enn í áfallastjórnun hafa háskólasamfélagið og almenningur gefist upp á biðinni og sýnt hvað í þeim býr. Þar er boðið upp á lausnir í stað vandamála. Á síðustu dögum hefur það komið í ljós hvernig hátt menntunarstig Íslendinga verður lausnin í því að byggja upp nýtt samfélag eftir hrunið.

Það verður þó að viðurkennast að það hefur valdið vonbrigðum hvað stjórnvöld eru föst í áfallastjórnuninni í stað þess að leiða landið til framtíðar. Það hvílir mikið á ríkisstjórninni, örfáir ráðherrar snúast í erlendum lántökum og milliríkjadeilum. Aðrir ráðherrar og þingmenn væntanlega einnig uppteknir við að endurskrifa fjárlög fyrir komandi ár. En er virkilega enginn sem hefur tíma til að ráðgast við þá sem hugmyndir hafa um hvernig Ísland getur byggst upp aftur og miðla því til almennings?

Meðal þess sem hefur komið fram eru hugmyndir Háskólans í Reykjavík og Listaháskólans um hugmyndahús, þar sem fólk í nýsköpunarstellingum hefði aðstöðu til að nýta hugmyndir og þekkingu til að skapa nýjan auð. Meðal þeirra sem eru nú, eða eru að verða, atvinnulausir er vel menntað fólk sem hefur hugmyndaauðgina til að skapa ný tækifæri. Það sem vantar til að sprotafyrirtækin verði að veruleika er aðstaða og fjármagn. Auð þessa fólks þarf að nýta áður en það flyst af landi brott og tækifærin glatast. Hvað ætlar ríkið að gera til að halda í þetta fólk?

Þegar sagan dæmir þetta mikla áfall sem við upplifum nú, mun krónan verða úttalaður sökudólgur. Deilumálið mun snúast um hvoru megin er horft á krónupeninginn. Átti fjármálakerfið að sníða sér stakk eftir vexti og starfa með stærð krónunnar í huga eða átti að bregðast við og taka upp gjaldmiðil sem hæfði fjármálakerfinu. Hvort sem verður er niðurstaðan nú að krónan hefur reynst okkur dýr. Nú um helgina birtist áhugaverð grein um það hvernig hægt væri að taka upp aðra mynt og spara þannig milljarða dala lántöku. Um þessa hugmynd þarf að ræða, því stjórnvöld hafa einblínt á lántöku frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að styrkja gjaldmiðil sem meira að segja Íslendingar hafa enga trú á lengur. Hvernig eiga þá erlendir aðilar að hafa trú á endurreistri krónu? Hvort sem ákvörðun verður tekin um að skipta um gjaldmiðil nú eða síðar þarf línan að koma frá stjórnvöldum. Hvert skal stefnt í peningamálum? Hve lengi á að halda í krónuna?

Almenningur sjálfur, þjóðin öll, er farin að skilgreina hver við erum og hvers konar þjóð við viljum vera. Það keppast allir við að sverja af sér flatskjáina og annað það sem einkennt hefur neysluhyggju undanfarinna ára. Auðvitað höfum við öll notið góðæranna, en þegar litið er til baka hefðum við viljað hafa notið þeirra á annan hátt. Þegar farið er að ræða um ráðdeild Norðmanna með virðingu, í stað þess að skopast að henni, hefur breyting orðið á skilningi þjóðarinnar á æskilegum dyggðum. Aftur eru stjórnvöld hvergi til að vísa veginn og því gerum við það sjálf.

Kannski er það það sem skiptir máli þegar upp er staðið, að þjóðin ákveði sjálf hvert skuli stefnt. Ríkisvaldið getur svo fylgt í kjölfarið ef það vill.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bloggað til að gleyma

Hangs starfsmanna á netinu er vel þekkt vandamál meðal atvinnurekenda, og eru nýju ríkisbankarnir þar engin undantekning. Þó hefur heyrst að starfsfólk þar á bæ sé ekki að sóa dýrmætum tíma í að lesa um enska boltann, ógnvekjandi rassinn á Jane Fonda – myndir eða uppfæra statusinn á facebook, heldur eigi vefsíða ein, sem reglulega er uppfærð með krassandi fréttum og upplýsingum um persónulegar deilur þjóðþekktra aðila, hug þeirra allan. Gengur síðan góða undir nafninu „Seðlabankabloggið“ meðal hörðustu aðdáendanna.



### Betra of en van

Ýmsir vilja meina að lögreglan leggi í vana sinn að vanmeta fjölda þeirra sem láta sjá sig í vikulegum mótmælafundum á Austurvelli stórlega. Lausnin gæti hæglega verið sú að ráða Pál Óskar Hjálmtýsson í talningardjobbið, en eins og margir muna sýndi popparinn fádæma færni við að ofmeta mannfjölda á tuttugu ára afmælistónleikum Kaupþings á Laugardalsvellinum í ágúst á síðasta ári. Páll Óskar var kynnir kvöldsins og básúnaði nýjum áhorfendatölum, sem virtust hækka sem nam þúsundum á örfárra mínútna fresti, yfir gáttaða gestina sem rúmt var um á hálftómum leikvanginum. Ólíkegt er þó að mótmælendur Íslands kvitti undir það lof sem Páll Óskar hlóð Kaupþing við sama tilefni, og allsendis óvíst hvort diskóboltinn sé sama sinnis í dag.



### Lokað fyrir Páli

Nokkrir athafnariddarar fyrrinætur límdu fyrir glugga Ráðherrabústaðarins í Tjarnargötu og strengdu borða við innganginn með áletruninni „Lokað vegna aðgerðaleysis“. Röttækari gárungum hefði líklega þótt við hæfi að breyta orðalagi borðans í „Lokað vegna hugleysis“, meðan ábúendur hússins hefðu vafalítið kosið að vitna í þekktan dægurlagatexta Bjartmars Guðlaugssonar; „Lokað vegna lánleysis“.

kjartan@frettabladid.is

# Rétt reyndist rétt



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Efnahagsástandið

Það að kommúnisminn skyldi bregðast gerir kapítalismann í sjálfu sér ekki gáfulegri. Fall kommúnismans gerir brölt í mönnum ekki sjálfkrafa rétt bara af þeim sökum einum að einhver kunni að græða á því.

Við erum alin upp við þetta andstæðupar: kapítalismi/kommúnismi. Önnur stefnan gerir ráð fyrir sameign framleiðslutækjanna sem stjórnað sé „að bestu manna yfirsýn“, og útkoman verður fljótt alræði fulltrúanna. Hin stefnan gerir ráð fyrir einkaeign framleiðslutækjanna þar sem hvatinn sem knýr hagkerfið er hagnaðarvon einstaklinganna – útkoman verður fljótt alræði braskaranna. Og hér á landi alræði verktakanna.

Eina samfélagið sem vit er í virðist hið blandaða hagkerfi Norðurlanda. Í öfgamyndum sínum spegla kommúnismi og kapítalismi hvor aðra. Hvor tveggja nauðhyggja, knúin ást á hugmyndum en skeytingarleysi um líf mannanna og stjórnast af sams konar hugsjónum um stórfenglegar framkvæmdir: belgingi. Í báðum stefnum ríkir oftrú á tæknilausnum og vanmat á viti hugar og handa, oftrú á hagvexti – en hagvöxtur er ekki annað en mæling á hávaðanum í hagkerfinu – en vanmat á gildi daglegs lífs fjarri framleiðslunni; oftrú á rányrkju, eyðileggingu, brölti, bara einhverju brölti.

**Níðstöngin**

Krossgötur Hjálmars Sveinssonar á rás 1 höfðu síðastliðinn laugardag að geyma sérlega átakanlegt dæmi um afleiðingar þessa óðakapítalisma sem ríkt hefur hér að undanförnu, en þar var rakið hvernig gróið og indælt hverfi rétt utan við miðbæ Reykjavíkur var eyðilagt með fáránlegum framkvæmdum við Höfðatorg, þegar borgarstjórn sjálfstæðismanna og Framsóknar fór í typpakeppni við Kópavog um turnbyggingar í trássi við vilja íbúa og ráð skipulagsyfirvalda.

Ömurleg drög að nauðljótum turni standa nú á Höfðatorginu eins og háðung – eins og níðstöng – eins og minnisvarði um takmarkalausa verktakaþjónkun sjálfstæðismanna sem víluðu ekki fyrir sér að skrökva blygðunarlaus að íbúum hverfisins. Þetta er ekki eina dæmið um algjört alræði verktakanna hér á höfuðborgarsvæðinu og glundroða í framkvæmdum: bara uppbyggingin á skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu virðist hafa gert ráð fyrir því að hingað flyttust senn höfuðstöðvar Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna með allri starfsemi.

Turninn í Borgartúni og Smáranum eru vitnisburður um það hversu óskynsamlegur óðakapítalisminn er.

En talsmenn hans hafa ekki bara gert tilkall til skynseminnar heldur líka hinnar náttúrulegu niðurskipunar hlutanna í heiminum. Lengi hafa þeir predikað um gildi óréttlætisins og lögmæti dauðasyndanna.

Réttlætið kann að vera gott og blessað, sögðu þeir, en það er bara svo óhagkvæmt. Það er hreinlega hættulegt. Með jöfnuði erum við nefnilega að grípa inn í sjálft gangverk kapítalismans, sem er náttúrulegt og lögmálsbundið. Svona er lífið; réttlætið er rangt, „fair is foul“.

Nú vitum við að þessu er einmitt öfugt farið og tilfinning okkar var allan tímann rétt: að það var alltaf ranglætið sem var rangt en réttlætið rétt. Og sú markvissa og andstyggilega tilraun sem hér var gerð til að stórauka stéttaskiptingu, með ofsaríkum í sérhverfum með sérskólum – soldið ríkum á öðrum stað – og svo pakkinu utan við allt – hefur til allrar hamingju mistekist. Lítill stéttamunur og mikill hreyfanleiki milli stétta – upp og niður stigann – hefur alla tíð verið styrkur íslensks samfélags, og sambýli stéttanna eins og það var í Vogahverfinu í mínu ungdæmi, þar sem hristust í einn graut krakkar frá fátækum heimilum og ríkum, heimilum háskólaborgara og iðnaðarmanna, sjómanna og listamanna. Ukust að íþrótt og frægð, undu svo glaðir við sitt.

**Íslandskokkteillinn teygaður**

Kannski að Íslendingar kunni ekki að vera ríkir. Frá því að kapítalismi fór að láta á sér kræla á Íslandi upp úr aldamótunum 1900 virðist segin saga að ríkir Íslendingar hafi ekkert kunnað með peninga að fara – og því meiri peninga sem þeir fengu, því minna. Sönnunargagn 1: eftir því sem danska blóðið þynntist út í Thors-ættinni minnkaði peningavitið að sama skapi. Lýsingar Halldórs á Íslandsbersa í Guðsgjafaþulu og aðförum hans, dellugangi og fylleríi í útlöndum gætu sem hægast átt við um það fólk sem deleraði hefur í útlöndum í nafni okkar hinna undanfarin ár.

Því ber að fagna sérstaklega framkominni tillögu VG á Alþingi (Alþingi muniði, húsið þarna við Austurvöll sem þjóðin kaus fulltrúana til) um að lækka laun forseta Íslands og annarra háttsettra embættismanna. Þetta er ekki bara eitthvert ómerkilegt lýðskrum heldur miðuðust þessi fimbullaun við auðmenninna sem nú eru horfnir, og því hægt að klípa milljón hér og milljón þar, ekki síst til að endurheimta jöfnuðinn.

Landið er fagurt og frítt, auðlindir nógar, fólkið vel menntað og gott, tækifærin um allt. En við verðum að fá að kjósa nýtt þing.

Sem starfar.

# Skipulagt kaos eða skýr sýn?

**UMRÆÐAN**

Hrafnkell Á. Proppé skrifar um skipulagsmál



**HRAFNKELL Á. PROPPÉ**

Þjóðfélagið stendur nú á tímamótum og almenningur vill í auknum mæli koma að mótun hins nýja Íslands. Skipulag er verkfæri til að móta framtíð samfélaga, ekki eingöngu að ákvarða staðsetningu gatna og húsa heldur leggja grunn að alhliða uppbyggingu. Í tilefni af nýliðnum alþjóðlegum skipulagsdegi er rétt að skoða hvernig skipulagsmálum er háttað og hvort þar felist ónýtt tækifæri.

Skipulagsáætlun á að vera uppbyggingaráætlun hvers sveitarfélags, þar sem mótuð er framtíðarsýn og stefnt á að uppfylla hana markmið. Sú vinna hefur þó verið leyst á nokkuð einsleitan máta þar sem aðaláherslan er lögð á að draga línur á kort en lítið hugað að stefnumótun. Vissulega eru á því undantekningar og fer góðum dæmum fjölgandi. Ástæða þessa er að mínu mati sú að lítil hefð er fyrir faglegri stefnumörkun sem unnin er í samráði við hagsmunaaðila.

Þessi nálgun við skipulagsvinnu hefur leitt til þess að þröng sjónarmið hafa ráðið ríkjum, sérílagi á þenslusvæðum. Mörg sveitarfélög hafa spilað að djarft til að draga að sem flesta íbúa. Væntingar íbúa og gæði byggðar og umhverfis hafa því vikið fyrir skjótri uppbyggingu. Afleiðingarnar blasa nú við, mörg sveitarfélög horfa fram á fjárhagslegt tap og hálftóm hverfi.

Nú er einstakt tækifæri til að bæta faglega nálgun í skipulagsmálum. Liður í því er að innleiða í auknum mæli þá nálgun sem kalla má „samræðuskipulag“. Sú leið felst í ítarlegri greiningu skipulagsráðgjafa og auknu samráði hagsmunaaðila við að móta aðgerðaáætlun sem almenn sátt ríkir um. Slík áætlun er líkleg til að vera hreyfiafl sem leysir úr læðingi nýjar hugmyndir um uppbyggingu og skapar ný tækifæri. Manchester er dæmi um borg sem nýtti aðferðir samræðuskipulags til að snúa við erfiðri stöðu eftir hrun atvinnulífsins. Með markvissri stefnumótun, sem leiddi saman íbúa, fagaðila og valdhafa, tókst að blása lífi í glæðurnar, skapa nýja atvinnustarfsemi og halda í fólk. Er þörf á slíku á Íslandi?

*Höfundur er meistaranemi í skipulagsfræðum við Álaborgarháskóla og ráðgjafi hjá Alta ehf.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Sæktu þér aukinn styrk

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið í nóvember og desember

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Íslenski þroskalistinn
haldið 27. nóvember

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
haldið 28. nóvember

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 12. nóvember

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 18. nóvember

Streitustjórnun: Orsakir, forvarnir og úrbætur
haldið 25. nóvember

Notkun vörustjórnunar í stefnumótun og rekstri
hefst 26. nóvember

Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 1. desember

### LÖGFRÆÐI

Nýir og nýlegir dómar Evrópudómstólsins og EFTA dómstólsins á sviði skattaréttar
haldið 19. nóvember

### MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Schubert og Schumann - Meistarar ljóðasöngsins
hefst 12. nóvember

Undur vísindanna - Þúsundþjalasmiðurinn Leonardo
haldið 15. nóvember

Bóleró og mambó og allt þar á milli - kúbönsk tónlist á tuttugustu öld
hefst 17. nóvember

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 20. nóvember

Leiðarvísir að Sturlungu
hefst 2. desember

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Einstaklingsmiðuð öldrunarþjónusta
haldið 13. nóvember

Tóbaksvarnir
hefst 13. nóvember

Samtalstækni - aðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 19. nóvember

Lausnamiðuð nálgun
hefst 20. nóvember

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Virðisstjórnun
haldið 21. nóvember

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

## EINHLIÐA UPPTAKA NÝRRAR MYNTAR

Í grein Heiðars Más Guðjónssonar og Ársæls Valfells, sem birtist í Fréttablaðinu á laugardaginn eru færð rök fyrir einhliða upptöku á annarri mynt en krónu. Segja þeir að hægt sé að taka upp aðra mynt, með einhliða aðgerð og með mun minni gjaldeyrisforða en þurfi til að verja krónuna, þegar hún verð sett aftur á flot. Sá forði sem nú sé í Seðlabankanum, um tveir milljarðar evra, ætti að duga vel fyrir skiptunum. Þeir benda á að mikil áhætta sé falin í að taka sex milljarða dollara lán til að stórefla gjaldeyrisforðann. Í núverandi árferði sé mikilvægt að búa til festu. Hún fáist ekki með óbreyttu gengisfyrirkomulagi. Heiðar Már og Ársæll segja að einhliða upptaka annars gjaldmiðils brjóti ekki í bága við EES-samninginn en þó sé betra að hafa Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og viðeigandi seðlabanka með í ráðum. Hér á síðunni gera þau Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambandsins, Manuel Hinds, fyrrum efnahagsráðgjafi í Alþjóðabankanum og Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur grein fyrir skoðunum sínum á hugmyndum Heiðars og Ársæls

# Vantar bakland

**UMRÆÐAN**
Edda Rós Karlsdóttir


EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

Ég er í grundvallaratriðum sammála greiningu Ársæls og Heiðars á vandanum. Ég deili einnig áhyggjum þeirra af því að við gætum setið uppi með lánin frá IMF og ónýtan gjaldmiðil ef okkur mistekst að endurskapa traust á krónuna. Reynsla annarra þjóða af gjaldeyriskreppum kennir okkur að samstiga stjórnvöld og risastór gjaldeyrisvaraforði er lykillinn að því að afstýra slíkum örlögum. Staðan hér heima gefur því fullt tilefni til að hafa áhyggjur.

Ég er með tvær efnislegar athugasemdir við tillögu þeirra félaga, en vil þó fyrst hrósa þeim sérstaklega fyrir að kveðja sér hljóðs með rökstudda tillögu. Fyrri athugasemdin snýr að gjaldmiðlaskiptunum sjálfum sem ég tel að kalli á töluverða lántöku. Ég tel að gjaldeyrivaraforðinn sé nokkuð minni en þeir nefna í grein sinni, því í honum voru meðal annars víxlar sem gjaldféllu í október, en er engu síður sammála því að forðinn dugi til að skipta út mynt og seðlum í umferð. Ég tel hins vegar að við þyrftum að auki að hafa til reiðu evrur til að afhenda erlendum eigendum ríkisskuldabréfa, íbúðabréfa og innstæðubréfa á gjalddaga bréfanna. Sömuleiðis til að afhenda þegar erlendir aðilar vilja leysa út innlán sín í íslenskum bönkum. Mjög gróft áætlað gætum við verið að tala um 500 milljarða króna. Þótt þetta sé há fjárhæð, þá er hún samt lægri en þyrfti til að tryggja vel heppnaða fleytingu krónunnar.

Seinni athugasemdin snýr að lánveitanda til þrautavara, en fall íslenska bankakerfisins má einmitt rekja til þess að Seðlabanki Íslands gat ekki veitt þrautavararlán í alvöru gjaldmiðli. Þótt íslenska bankakerfið hafi minnkað mikið og erlend umsvif nánast þurrkast út, þá verður áfram þörf fyrir lán til þrautavara. Mikilvægt er að hægt sé að auka lausafjárfyrirgreiðslu hratt og vel ef kerfislæg vandamál koma upp. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt á meðan við erum að vinna okkur upp úr banka- og gjaldeyriskreppunni. Því tel ég afar mikilvægt að upptaka evru gerist með fullum stuðningi Evrópska seðlabankans.

*Ég velti hins vegar fyrir mér hvort svona útskipti á gjaldmiðlinum jafngildi ekki í raun umsókn í Evrópusambandið. Ef við ætlum ekki að fara í pólitíska ónáð hjá ESB, þá hljótum við að þurfa að lýsa yfir staðföstum vilja til að undirganga Maastricht-ákvæðin.*

Mér finnst mjög spennandi að menn velti fyrir sér hvort hægt sé að stytta sér leið inn í evruna, til að koma í veg fyrir að gjaldeyriskreppan hrindi af stað nýrri bankakreppu sem auki enn á efnahagskreppuna. Ég velti hins vegar fyrir mér hvort svona útskipti á gjaldmiðlinum jafngildi ekki í raun umsókn í Evrópusambandið. Ef við ætlum ekki að fara í pólitíska ónáð hjá ESB, þá hljótum við að þurfa að lýsa yfir staðföstum vilja til að undirganga Mastricht-ákvæðin. Værum við þá ekki að ganga fram hjá lýðræðinu, þar sem þjóðin ætti að hafa síðasta orðið?

*Edda Rós Karlsdóttir er hagfræðingur*

# Nauðsynleg erlend lán

**UMRÆÐAN**
Ólafur Darri Andrason


ÓLAFUR DARRI ANDRASON

Útgangspunkturinn í öllum vangaveltum um framtíðarfyrirkomulag gengismála er sú staðreynd að við getum ekki komið á efnahagslegum stöðugleika til framtíðar og byggt upp þau lífskjör sem við viljum með íslenskri krónu. Við þurfum því að finna framtíðarlausn á fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála. Samhliða þurfum við að svara því hvernig við ætlum að búa við íslenska krónu þar til við tökum upp nýjan gjaldmiðil.

Sú leið að taka evru upp einhliða hefur nokkra kosti. Leiðin er fljótvirk og við tökum ekki áhættuna af því að við sitjum eftir skuldsett með ótrúverðugan gjaldeyri ef ekki tekst að byggja upp traust á krónunni. Gallinn er hins vegar sá að slík lausn er ekki framtíðarlausn. Evrópusambandið hefur gefið til kynna að við séum velkomin í sambandið og að við getum þá tekið upp evru eftir gildandi leikreglum en ef við tökum evru upp einhliða þá kallar það á hörð viðbrögð frá sambandinu. Auk þess yrðum við af hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af því að sameinast um gjaldmiðil með öðrum ríkjum. Við fengjum t.d. ekki hlutdeild í myntsláttuhagnaði. Við ættum ekki aðild að stjórn Evrópska seðlabankans og þar með ekki aðkomu að mótun þeirrar peningamálastefnu sem við myndum þó búa við. Seðlabanki Evrópu yrði ekki bakhjarl okkar og Seðlabanki Íslands yrði að koma sér upp töluverðum varasjóði í evrum til að tryggja innlendum viðskiptabönkum lausafé. Síðast en ekki síst þá myndi slík einhliða upptaka evru gerast án þess að við myndum vinna markvisst að því að laga okkur að nýju myntumhverfi.

Skynsamlegasta leiðin í stöðunni er að taka nauðsynleg erlend lán til að byggja upp sterkan gjaldeyrisvaraforða sem er forsenda þess að við getum opnað gjaldeyrismarkaðinn að nýju. Samhliða eigum við að lýsa því yfir að við ætlum að sækja um aðild að ESB og taka upp evru svo fljótt sem verða má. Þannig aukum við trúverðugleika okkar og lágmörkum áhættuna af því að krónan falli mikið þegar við opnum gjaldeyrismarkaðinn aftur. Með slíkum samstilltum aðgerðum getum við lifað með krónuna þar til við tökum upp evru sem framtíðargjaldmiðil.

*Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ*

# Af hverju að halda í krónuna?

**UMRÆÐAN**
Manuel Hinds


MANUEL HINDS

Það er rúmt ár síðan við Benn Steil heimsóttum Reykjavík í ágúst 2007 og mæltum með að evran yrði tekin upp á Íslandi. Við sögðum að í upptöku evru fælist tækifæri til að koma í veg fyrir þá alvarlegu peningakreppu sem við sáum vofa yfir framtíð landsins. Við samþykktum að evruupptaka myndi ekki minnka skuldir þjóðarinnar, sem voru þá þegar of miklar; 180 prósent af landsframleiðslu. Samt, eins og við bentum á, myndi sterk mynt koma í veg fyrir neikvæð áhrif óstjórnlegs verðfalls gjalmiðilsins, sem myndi verulega auka byrðarnar af fjárhagsskuldbindingum íslensku þjóðarinnar.

Eins og við sáum það, var spurningin hvort Ísland vildi takast á við skuldavandamálið, eða vildi auka vandamálið með gjaldmiðlakreppu. Ég tók röksemdirnar okkar saman í grein sem ég birti í íslensku dagblaði stuttu eftir heimsókn okkar, í september 2007. Í þeirri grein sagði ég að gjaldmiðlakrísa yrði að veruleika ef fólk myndi óttast verulegt fall krónunnar. Óttinn myndi hvetja þá til að selja krónuna og kaupa aðra gjaldmiðla til að verja sig gegn fallinu. Þetta hefði tvennar afleiðingar. Fyrir það fyrsta yrði áhlaup á krónuinnlagnir í bönkum, þegar fólk hleypur til að ná í það lausafé sem það gæti til að kaupa evrur, dollar eða pund. Í öðru lagi myndi aukin ásókn í erlenda gjaldmiðla valda því að krónan veikist hratt. Áhrifin af veikingu krónunnar á skuldavandamálið yrði verulegt. Skuldir íslensku þjóðarinnar, þá 180 prósent af landsframleiðslu, myndu aukast með falli krónunnar (yrði til dæmis 360 prósent af landsframleiðslu, ef krónan fellur um 100 prósent) og á sama tíma myndi vaxtastig hækka verulega. Þetta hefði þau áhrif að ómögulegt yrði að endurgreiða mörg lán, jafnvel flest. Eina stjórntækið sem Seðlabankinn hefði til að koma í veg fyrir fall krónunnar yrði að selja erlenda gjaldmiðla, það er gjaldeyrisvaraforðann, á markaði. Vandamálið er að ef gjaldeyrisforðinn þurrkast upp, eða svo gott sem, þá hefur Seðlabankinn engin önnur úrræði en að láta krónuna falla. Seðlabankinn hafði aðeins um tíu prósent af heildarupphæð vaxtamunaviðskiptanna í sjóðum. Gjaldmiðillinn færi í frjálst fall.

Því miður rættist þessi spá um hvað myndi gerast ef Ísland héldi í krónuna, nema hvað veruleikinn varð enn svartari. Það þarf ekki að endursegja hvað gerðist. Nú er mikilvægt að koma í veg fyrir að harmleikurinn endurtaki sig og hefja uppbyggingu efnahagslífsins.

Í greininni, eins og á ráðstefnunni, hélt ég því fram að það væri leið til að koma í veg fyrir peningamálahörmungar; að skipta krónunni út fyrir alþjóðlegan gjaldmiðil eins og evruna. Það myndi ekki eyða skuldastöðunni. En samt sem áður myndi sá möguleiki hafa þrjá meginkosti. Í fyrsta lagi myndi það koma í veg fyrir gjaldeyriskrísu, því enginn hefði áhyggjur af því að skuldavandamál Íslands myndi hafa neikvæð áhrif á evruna. Í öðru lagi kæmi það í veg fyrir að skuldabyrðin, miðað við landsframleiðslu, myndi aukast. Í þriðja lagi myndi það róa skuldunauta, þar sem þeir myndu ekki hafa áhyggjur af því að skuldabyrðin ykist. Það yrði því auðveldara að endurgreiða skuldirnar og endursemja um þær, ef nauðsyn krefur. Skuldirnar myndu ekki hafa aukist, miðað við landsframleiðslu, á jafn dramatískan hátt og þær gera með dramatísku falli krónunnar. Ég sagði einnig að upptaka evru myndi bjóða upp á lengri tíma kosti. Til dæmis myndi hún lækka vexti niður í gildandi vexti í Evrópu, og þannig minnka skuldabyrðina, ekki bara nú, heldur til framtíðar. Þessi áhrif koma sér vel miðað við núverandi kringumstæður. Enduruppbygging efnahagslífsins þarf á lágum vöxtum að halda. Vaxtastigið sem þörf er á til að laða fjármagn til Íslands yrði mun lægra í evrum en í krónum.

Að skipta krónunni út fyrir evru myndi jafnvel hafa aðra kosti. Eins og Heiðar Guðjónsson og Ársæll Valfells bentu á í greininni; Valmöguleikar eru fyrir hendi í gengismálum, sem birtist í Fréttablaðinu á laugardag, yrði það ekki nauðsynlegt að taka erlend lán til að byggja upp gjaldeyrisvaraforða, einungis til að veita krónunni trúverðugleika, ef evran yrði tekin upp. Núverandi gjaldeyrisvaraforði en nægjanlegur fyrir upptöku evru. Reyndar myndi Seðlabankinn standa uppi með umframforða, eftir að hafa keypt nauðsynlegar evrur. Og hægt væri að nota erlend lán til að byggja upp efnahagslífið, í stað þess að byggja undir veikan gjaldmiðil.

Ísland ætti aftur að huga að upptöku evru. Í stað þess að spyrja af hverju Ísland ætti að taka upp evru, ætti spurningin að vera af hverju landið ætti að halda í krónuna, sem hefur reynst Íslandi dýr og mun reynast enn dýrari í framtíðinni.

*Manuel Hinds er fyrrum fjármálaráðherra El Salvador. Hann hefur unnið sem efnahagsráðgjafi, meðal annars fyrir Alþjóðabankann.*


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

**GLUGGAR** sem ekki eru alveg nógu þéttir geta safnað í sig raka þegar kalt er úti. Mikilvægt er að lofti vel um gluggana og að öll bleyta sé þurrkuð reglulega úr þeim svo sveppir nái ekki að myndast í þeim.






Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





STIGAR

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

* Beygjanlegir Handlistar & Gólflistar
* Loftastigar, Innihurðir, Gerefti
* Gólflistar, Franskir gluggar í hurðir
* Smíðum Harmonikkuhurðir eftir máli
* Bilkerrur úr Áli frá Anssems í Hollandi

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com



Ný verslun á horninu
á Ármúla og Síðumúla 1

Ódýr leikföng og gjafavara, jólapappír 50 kr, gjafapokar 100 - 200 kr.

Gott úrval á Góðu verði

extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP

Sími: 8698171 • Opið mán-föst 11-18 & laugard. 11-17



SIEMENS

Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Hér situr Högni Egilsson í Hjaltalín við Rauða október; píanóið sem í framleiðslu hlaut sérkennilega lakkmeðferð og er þrýtt rússnesku letri.

# Píanógarmur frá Moskvu

**Út um opna glugga snoturs húss í Norðurmýrinni berast eilítið falskir en afar sjarmerandi hljómar úr víðförlu píanói sem fékkst fyrir ritlaun Árna heitins Böðvarssonar, málfræðings og orðabókarritstjóra.**

„Ég er ánægðastur með rússneskan píanógarm sem heitir Rauði október og var keyptur árið 1958 fyrir rússneskar rúblur sem afi minn, Árni Böðvarsson, fékk að launum fyrir íslensk-rússneska orðabók sem hann vann ásamt Valerij P. Berkov í Leníngrad. Ekki var við það komandi að nota rúblurnar hér heima og því var afi tilneyddur að eyða ritlaunum sínum í eitthvert glingur í Moskvu, eins og dýrindis pels á ömmu og Rauða október í stofuna, þótt ekki léki hann sjálfur á píanó," segir tónlistarmaðurinn Högni Egilsson í Hjaltalín, þar sem sem hann situr við umræddan píanógarm.

„Mér áskotnaðist svo gripurinn þegar honum var orðið ofaukið í öðrum húsum og slæ reglulega á nótnaborðið. Píanóið flokkast seint undir framúrskarandi gott hljóðfæri, en það hefur skemmtilegan, fágætan hljóm og er svona temmilega falskt og gamaldags," segir Högni sem styðst oftar en ekki við rússneska píanóið í tónlistarsköpun sinni, þótt töfrar þess hafi enn ekki ratað inn á hljómplötu.

Og heimili hans ber þess glöggt merki að þar býr tónlistarmaður. „Ég hef svona óvart orðið hljóðfærasafnari þegar forvitnileg eintök hafa orðið á vegi mínum, og er hér með fjóra gítara, hljómborð, kontrabassa, kínverskar lútur og fleira, ásamt stöflum af nótnabókum og geisladiskum," segir Högni og bætir við brosmildur að náðarsamlegast geti hann glamrað á það allt.

*thordis@frettabladid.is*




ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500



**JÓLASKRAUTIÐ** er komið í Ikea eins og fleiri verslanir. Þeir sem eru orðnir spenntir fyrir jólunum geta því farið að fjárfesta í ýmsu smálegu til að fegra híbýli sín með fyrir hátíðirnar.



Marta Sigurðardóttir blómaskreytir og Guðrún Gerður Guðrúnardóttir hönnuður búa sig undir námskeiðin í Blómálfinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Í anda hausts og jóla

**Þegar skammdegið nálgast verður sköpunar-og skreytingaþörfin sterk og við viljum hafa híbýlin sem hlýlegust. Þá er upplagt að gera kransa úr völdum efnum sem fara vel á hurðum og borðum.**

„Þetta er hálfgert ævintýraland og nú vantar mig bara nýtt nafn á búðina sem er lýsandi fyrir alla starfsemina,“ segir Guðrún Gerður Guðrúnardóttir fatahönnuður, nýr eigandi verslunarinnar Blómálfsins neðst á Vesturgötunni. Þar er mikið úrval af skreytingarefni og einnig hægt að læra handtökin við kransagerð á sérstökum námskeiðum. Leiðbeinandi er Marta Sigurðardóttir blómaskreytir. Hún kveðst verða með þrenns konar námskeið fram til jóla og nefnir þau Í anda haustsins, Aðventuskreytingar og Jóla- og leiðisskreytingar. Tekur fram að þátttakendur fái efniviðinn á sanngjörnu verði og léttar veitingar séu í boði hússins. „Við ætlum að hafa þetta allt á léttu nótunum,“ lofar hún.

Guðrún Gerður hannar fatnað undir merkinu Gaga. Hún er smátt og smátt að setja sinn svip á verslunina en vill þó ekki gera neinar hallarbyltingar í bráð. Þar er enn lítil blómabúð, ýmiss konar gjafavara og jólaskraut en auk þess selur Gerður eigin hönnun og skó með merkinu Trippen sem hún tók við í vor. Hún kveðst bjartsýn að eðlisfari. „Mitt máltæki er „Það fer á besta veg hvernig sem það fer“,“ segir hún brosandi.

Guðrún Gerður bendir á að saga hornsins sé merkileg þó ekki sé farið lengra aftur en um 25 ár. „Blómálfurinn er búinn að vera hér í 23 ár, þar af var Helga Thorberg með hann í 15, held ég. En áður en blómin komu hér til sögunnar rak önnur Gerður verslunina Flóna á þessu horni og varð landsþekkt. Hingað hefur fólki þótt gott að koma gegnum tíðina og þannig er það enn.“ *gun@frettabladid.is*



Náttúruefni eins og sveppir og hnetur eru notadrjúg í skreytingar.



Dumbrauð lauf bregða rómantískum lit á lífið.



Könglar eru ómissandi í aðventukransana.




HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



Aukin ökuréttindi - Meirapróf

Næsta námskeið hefst 12. nóvember

**Starfsemi skólans:**

- B-réttindi alla virka daga kl. 18–22
- Helgarnámskeið
- Dagnámskeið kl. 16–18
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku

**Bjóðum einnig upp á önnur námskeið:**

- Vistakstur
- Bifhjólanámskeið
- Námskeið í samvinnu við Vegagerðina

Ökuskólinn í Mjódd hefur verið starfandi síðan 1968.

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300.

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Getum bætt við okkur eignum á skrá

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala :: Lágmúla 7 :: 108 Reykjavík :: sími 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fasteignasali



# fasteignir

10. NÓVEMBER 2008



FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

ÓSKUM EFTIR
FYRIR FJÁRFESTA

.. Einbýli, parhús, raðhús í 107, 101 og 170
Verðbil 50-90 millj.
Bein kaup engin eignaskipti

.. Einbýlishúsi á sjávarlóð á Arnarnesi

.. Sérhæðum í austurbæ, miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur – Verðbil 35-50 millj.

.. 3ja-4ra herbergja íbúðum í Reykjavík og Kópavogi – verðbil 18-30 millj.

.. Einstaklings- og 2ja herbergja íbúðum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu – verðbil 10-20 millj.




Gott útsýni er úr stofu yfir Elliðavatn.

## Setustofa, fataherbergi og bað inn af hjónaherbergi

**Fasteignasalan Stakfell hefur til sölu einbýlishús á einni hæð við Fákahvarf með útsýni yfir Elliðavatn.**

Komið er inn í flísalagða forstofu. Granít er á gólfi sem flæðir upp einn vegg og rennihurðir úr gleri inn í húsið sjálft. Granít er á öllum gólfum nema í svefnherbergjum. Þar er plankaparket í stíl við innréttingar í húsinu sem eru hannaðar af Við og Við. Stofurnar eru tvær en samliggjandi og er eldhús einnig opið við stofur. Fjögurra metra löng eyja er á milli eldhúss og borðstofu. Sama granít er á borðplötu og er á gólfum og er hún 10 sentimetra þykk. Gluggar í stofu ná niður í gólf enda útsýnið fallegt. Svefnherbergin eru tvö og stór og rúmgóð. Inn af aðalsvefnherbergi er baðherbergi, setustofa og fataherbergi. Á baðherbergi er baðkar, upphengt klósett og granítvaskur. Í setustofu er sturta og bekkur. Stórar hvítar flísar eru á veggjum og granít er á gólfi í setustofu og fataherbergi en á baðherbergi er sama parket og er á svefnherbergjum. Gestasalerni er með sturtu og er það í sama stíl og aðalbaðherbergi. Þvottahús er með hvítum háglansinnréttingum og er granít milli efri og neðri skápa. Borðplata er úr graníti. Innangengt er úr forstofu í flísalagðan bílskúr.

Eignin er öll mjög björt og opin enda um 4,5 metra lofthæð í húsinu. Öll loft eru niðurtekin með óbeinni lýsingu.




Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# HÚSNÆÐI TIL LEIGU



**Krókavað Rvk.** Glæsileg ný 128 fm neðri sérhæð í tvíbýli 3 svefnherb. Stofa eldhús flísalagt baðherb. Sér þvottah. innan hæðar. **Nánari uppl. 821-0700**



**Gullteigur Rvk.** Ný 147 fm sérhæð á tveimur hæðum 3 svefnh, stofa, elhús og flísal. baðherb. Sér þvotthús á hæðinni. **Nánari uppl. 821-0700**



**Bústaðavegur Rvk.** Glæsileg 135 fm hæð og ris, Tvö til þrjú svefnh, nýtt eldhús, nýtt baðherb. parket á gólfum. Allt endurnýjað að innan. **Nánari uppl. 821-0700**



**Svölutjörn Reykjanesb.** 170 fm einbýli auk 32 fm bílsk alls 204 fm. 3 svefnh. stofa, eldhús og flísal bað. innangengt í bílskúr. **Nánari uppl. 821-0700**



**Hellubakki Selfossi** Vandað nýtt 183 fm einbýli á einni hæð. 3 svefnh, stofa, eldhús og flísalagt bað. innangengt í bílskúr og þvotth. **Nánari uppl. 821-0700**

**Vindakór Kóp.** 110 fm 3ja herb. Íbúð.
**Breiðvangur Hafnarf.** 157 fm 6 herb. íbúð.
**Álfkonuhvarf Kóp.** 107 fm 3ja herb. íbúð.
**Vesturholt Hafnarf.** 213 fm einbýli.
**Ystibær Rvk.** 92 fm + 26 fm bílskúr.
**Grettisgata Rvk**. 84 fm einbýli.

## LEIGUHLÍÐ EHF.
## S: 821-0700

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 29, 2hæð • 230 Reykjanesbær • Sími 420-4000 • Fax 420-4009

## Til sölu eða leigu glæsilegt iðnaðarhúsnæði við Bolafót 11 í Reykjanesbæ!

Húsið er 506m² og er skipt í 50 og 100m² einingar með lager- / skrifstofurými á efri hæð. 3ja fasa rafmagn er í húsinu og lagnir eru nýjar ásamt ljósum og tenglum. Allar hurðir eru nýjar sem og gluggar og gler. Stórt og gott malbikað plan er umhverfis húsið. Húsið er staðsett á besta stað í Reykjanesbæ og hagstæð lán geta fylgt eigninni, ýmis skipti skoðuð.



**Nánari upplýsingar hjá Fasteignasölunni Stuðlaberg í Keflavík.**

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Klettháls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

**BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR**

## Hvammsgata í Vogum

Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegri þriggja herbergja íbúð ásamt bílskúr í parhúsi við Hvammsgötu í Vogum. Íbúðin er um 90 fm og bílskúrinn um 25 fm. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

## Kríuland í Garði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegu parhúsi við Kríuland í Garði. Um er að ræða 4ra herbergja íbúð um 105 fm ásamt um 35 fm bílskúr. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

## Miðnestorg 3, í Sandgerði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 71 fm. Íbúðin er á þriðju hæð í lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar strax.

Umsóknarfrestur er til 17. nóvember n.k.

Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Klettháls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

**BÚSETURÉTTUR Á MARKAÐSVERÐI**



## Víðigerði 17, Grindavík

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð ásamt garðskála og bílskúr. Íbúð og garðskáli eru rúmir 91 fm og bílskúrinn rúmlega 28 fm. Ásett verð er 5.5 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 117.000.- Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli. Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 14. nóvember n.k. Tilboðsfrestur er til 24. nóvember n.k.



## Stekkjargata 21 í Innri-Njarðvík, Reykjanesbæ

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr og garðskála. Íbúðin er í parhúsi og er heildarflatarmál íbúðar og bílskúrs um 120 fm og garðskála um 14 fm. Ásett verð er 6 millj. og mánaðargjöldin eru nú um kr. 119.000.- Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli. Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 14. nóvember n.k. Tilboðsfrestur er til 25. nóvember n.k.

**Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.**

***Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.***

***Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Klettháls 1 í síma 552 5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is***

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk
:: 535_1000
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
stakfell.is
Fax 535 1009





**Fákahvarf – Lúxuseign við Elliðavatn.**
Sérlega glæsilegt 280 m² einbýlishús á einni hæð við Fákahvarf með miklu og fallegu útsýni yfir Elliðavatn. Húsið hefur verið innréttað af arkitekt og er allt sérsmíðað. Lýsingin í húsinu er óbein þar sem loftið hefur verið tekið niður. Granít er ríkjandi á borðplötum, gólfum og vegg. Gluggar í stofunni er gólfsíðir og nýtur útsýnið sín vel. Innangengt í stórann og flísalagðan 44 fm bílskúr. Innaf hjónaherbergi er baðherbergi með hvíldaraðstöðu innaf og síðan fataherbergi. **Óskað er eftir verðtilboðum.**

**Bakkastaðir – parhús með fallegum garði.**
166 fm endaraðhús á einni hæð með mikilli lofthæð, þar af 27,3 fm innbyggður bílskúr. Stór lóð fylgir húsinu og er verönd með timburskjólevegg. Húsið skiptist í forstofu, þvottahús, eldhús, stofu, 3 herbergi og baðherbergi. Samkvæmt teikningu eru fjögur svefnherbergi og er auðvelt bæta við herbergi. Eldhúsið og baðherbergi er flísalagt. Eftir er að setja loftklæðningu og getur hún fylgt með. **SKIPTI Á MINNI EIGN.**

## Seldu íbúðina þína og leigðu hana aftur



**Bankastræti - Glæsiíbúðir**
Tvær íbúðir á sömu hæð, var áður ein íbúð. Leigutekjur í dag er 280 þús á mán. Mikið áhvílandi. Hægt að yfirtaka lán. Verð 50 millj.



**Laufengi - 4ra herb.**
106.4 fm íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25.9 millj



**Daggarvellir - 4ra herb.**
89,2 fm 4ra herbergja útsýnisíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi, auk stæðis í bílageymslu. Þvottah. í íbúð. Yfirtekin lán ca 20 millj. Verð 22.9 millj.



**Austurgata - Einbýlishús**
205.6 fm þrílyft einbýli í hjarta Hafnarfjarðar. Mikið endurnýjað. Sér íbúð í kjallara. Verð 49 millj.



**Tjarnaflöt - Stórglæsilegt einbýlishús.**
213,6 m2 sex herbergja endurnýjað einbýli á einni hæð með 40 m2 bílskúr. Verönd með potti. Halogen lýsing. Eingnaskipti skoðuð.



**Mýrargata - Einbýli - Vogum**
151,7 fm einbýlishús þar af 25.5 fm bílskúr. Eignin skiptist þannig hol 3 svefnherbergi, stofa eldhús og baðherbergi, bílskúr innangengur. Verð 28,5 millj.



**Markarflöt - Einbýlishús**
Endurnýjað 201,9 m² einbýli ásamt 39,7 m² bílskúr. Húsið skiptist í hol, stofu, bað, gestasn, 5 svefnh.(möguleiki á 6), eldhús og þvottah. Verð 85 millj.



**Arnarhraun - Grindavík**
Fallegt mikið endurnýjað166,2 fm einbýlishús í Grindavík þar af 33,9 fm bílskúr. Húsið skiptist í hol 2 baðh. og 3 svefnherbergi, stofu og stórt ris. Verð 27,9 millj



**Háalind - Parhús**
Fallegt og vel staðsett 207,2 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr . Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs. Arinn í stofu. Halogen lýsing. Verð 55 millj.



**Kólguvað - sérhæð með bílskúr**
161 fm falleg efri sérhæð, þar af 25,5 fm bílskúr. Allt sérsmíðað. Glæsilegt útsýni. 30 fm s-svalir. Parket, innréttingar og hurðar úr eik. Verð 43.9 millj.



**Berjarimi - 5 herb.**
140.3 m2 þar af 29,3 stæði í bílageymslu, íbúðin er með 4 svefnherbergjum og er á fyrstu hæð með verönd í vestur Lækkað verð. GÓÐ EIGN FYRIR GOTT VERÐ. Verð 28,5 millj.



**Dunhagi - 5 herb. nálægt H.Í.**
127 fm íbúð í Vesturbænum. Góð stofa og sér borðstofa. Búið að endurnýja bað. Eldhús með hvítri fulningainnr. og nýlegum tækjum. Verð 29.9 millj



**Ásvallagata - 3ja herb**
70,3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin skiptist í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.Í. Verð 21.8 millj.



**Arnarhraun - 3ja herb. Hafnarfirði**
107,1 m² 3 herbergja íbúð á tveimur hæðum. Skipting eignar: Forstofa, 2 svefnherbergi, baðherbergi, stofa og eldhús. Verð 17.9 millj



**Bárugata - 3ja herb**
80.2 m2 falleg íbúð á tveimur hæðum, enurnýjuð að hluta með parketi á gólfum úr Rustic eik. Fallegt útsýni. Verð 29.5 millj.



**Hallveigarstígur - 3ja herb + aukaíbúð**
69 fm íbúð á 1. hæð auk 37.5 fm leiguibúðar í bakhúsi. Húsið er nýlega uppgert að utan. Nýir gluggar og gler. Verð 29.7 millj



**Langalína - 3ja herb - sjávarútsýni**
129.5 fm íbúð á miðhæð. Bað flísalagt í hólf og gólf, með innr., baðkari og sturtu. Eldhúsið er með hvítri innr. og stáltækjum. V-svalir með gríðarlegu útsýni. Verð 38,9 millj.



**Vitastígur - 3ja herb**
Mjög falleg 94.4 fm íbúð á efstu hæð auk 21.8 fm þvott/geymslu í kjallara. Eldhúsið með viðarinnr. Stofan parketlögð, með SA-svölum. Svefnh. parketlögð með skápum. Bað er flísalagt með baðkari. Verð 27 millj



**Mánatún - Laus strax**
102,4 fm falleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, með verönd. Sér þvottahús og geymsla innan íbúðar. Húsið er álklætt að utan, byggt árið 2002. Verð 31.9 milj



**Þorláksgeisli - 2ja herb**
74,7 fm búð á 2. hæð ásamt stæði í bílskýli. Eignin skiptist í forstofu, stofu og eldhús, svefnh. og bað. Þvottahús í íbúð. Verð 21 millj.



**Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni**
63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin er hol, bað, svefn., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flísar á gólfum. Verð 19.9 millj



**Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.**
77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og bað mjög smekklega. Verð 19.9 millj.



**Rauðás - 2ja herb**
53.7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólpallur móti V.S.V. Lækkað verð 16.4 millj.



**Leifsgata - 2ja herb**
54,8 fm 2ja herbergja íbúð í hjarta Reykjavíkur. Eldhús upprunalegt en snyrtilegt. Bað var nýlega tekið í gegn. Rúmgott svefnherbergi og stofa. Verð 16.5 millj



**Brú - hús við Borgarmörkin**
68,9 fm sumarhús í Elliðakotslandi, lóðin á mjög fallegum stað við Hólmsá. Farið er yfir brú sem liggur yfir Hólmsá og er sumarhúsið strax á hægri hönd, landið skógi vaxið. Verðtilboð.

FASTEIGNASALAN

# GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI

Hákon Svavarsson löggiltur fasteignasali, Sveinbjörn Halldórsson löggiltur fasteignasali og sölustjóri,Ellert Bragi Sigþórsson, Kristinn G. Kristjánsson löggiltur fasteignasali, Katrín Gísladóttir og Árni Stefánsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

570 4800

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810



**MELGERÐI - EINBÝLISHÚS**
Vorum að fá í sölu einbýslihús sem er hæð og ris. Á hæð eru; 2 herbergi, stofa, borðstofa eldhús, snyrting og þvottahús með bakinngangi. Í risi eru geymslur, 2-3 herbergi og baðherbergi. Fallegur garður er við húsið. Sérbílastæði á lóð. **Verð 35,8 millj.**



**SELVOGSGRUNN - 3JA HERBERGJA**
Vorum að fá í sölu mjög fallega 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í 4-býlishúsi. 2 góð svefnherbergi með skápum í öðru. Baðherbergi með kari, flísar í hólf og gólf. Eldhús með mjög fallegri innréttingu, stáltæki. Rúmgóð stofa og borðstofa. Hús í ágætu standi. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. **Verð 24,7 millj.**



**KLEPPSVEGUR - 2JA HERBERGJA**
Vorum að fá í einkasölu mjög góða 2ja herbergja íbúð á 3. hæð (efstu) í litlu fjölbýlishúsi. Nýleg innrétting í eldhúsi. Svefnherbergi með skápum. baðherbergi með kari. Stofa með útgengi á austur svalir. Áhv. ÍLS kr. 8 millj. **V. 14,7 millj.**



**HVASSALEITI - FYRIR ELDRI BORGARA - V.R.BLOKKIN**
Vorum að fá í sölu góða 2ja herbergj íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Góð stofa með suðursvölum. Svefnherbergi með góðum skápum. Baðherbergi með sturtu. Mikil þjónusta er í húsinu. Hús nýlega viðgert og litur það vel út. **V. 24,8 millj.**

## FENSALIR
### 1. HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR OG SÉR VERÖND



Glæsileg 148 fm 4ra herbergja íbúð (íbúðin er 123 fm og bílskúr 25 fm) á 1. hæð með sérverönd í fallegu fjölbýli í Salahverfi í Kópavogi. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stór og björt stofa með útgengt á stóra suður verönd með fallegu útsýni. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Sér þvottahús innan íbúðar. Fullbúinn bílskúr**. Verð 29,9 millj.**

## STÓRAGERÐI
### - 3JA HERBERGJA M/BÍLSKÚR OG AUKAHERBERGI



Vorum að fá í sölu mjög rúmgóða 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. 2 svefnherbergi með skápum í báðum. Mjög rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á suður svalir (dæmi um að 3ja svefnh. hafi verið útbúið í stofu). Eldhús með nýlegri innréttingu. Í kjallara er herbergi með aðgangi að snyrtingu og sturtuaðstöðu ( herb. í leigu í dag). Bílskúrinn er með hita og rafmagni. Áhv. 19 millj. frá Kaupþing **V. 24,7 millj.**

## HÁALEITISBRAUT



Góð 90 fm 3ja herb. íbúð í fallegu fjölbýli á rólegum stað við Háaleitisbraut í Austurbæ Reykjavíkur. Tvö rúmgóð herbergi og stór og björt stofa. Baðherbergi nýl endurnýjað. Eldri góð innrétting. Parket og flísar á gólfum. Hús nýl. tekið í gegn að utan. Góð staðsetning innst í botngötu. Stutt í leikvelli.
**Verð 20,4 millj.**

## MÓVAÐ - EINBÝLI Á EINNI HÆÐ



Glæsilegt 217 fm einbýlishús á einni hæð, byggt við jaðar ósnortinnar náttúru og með stórkostlegu útsýni til Heiðmerkur og fjalla. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stór og björt stofa. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. 42 fm tvöfaldur bílskúr. Eignin getur losnað fljótlega. **Verð 72 millj. SKIPTI MÖGULEG.**

## TRYGGVAGATA -EINSTAKLINGSÍBÚÐ



Falleg 32 fm einstaklingsíbúð í fjölbýli í miðborg Reykjavíkur. Eignin er eitt opið rými auk eldhúss og baðherbergis. Nýl. innréttingar og tæki. Flísalgt baðherbergi, sturtuklefi og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Sérgeymsla ca 4-5 fm í kjallara (ekki inn í fm tölu íbúðar). **Verð 13,9 millj.**

## LÆKJASMÁRI
### MEÐ BÍLSKÝLI - LYFTUHÚS



Falleg 111 fm 4ra herb. endaíbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi auk 27 fm stæðis í bílageymslu (samtals 138 fm). Þrjú svefnherbergi. Björt stofa. Stórar vestursvalir yfirbyggðar að hluta. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Glæsileg sameign. Stutt í alla þjónustu. **Verð 31,9 millj. Skipti möguleg á minni eign.**

## REYNIMELUR - 3JA HERBERGJA



Vorum að fá í einkasölu, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. 2 svefnherbergi. Rúmgóð stofa með útgengi á suður svalir. Baðherbergi með kari. Hús, sameign og lóð hefur allt verið tekið í gegn undan farin 2 ár og litur það allt vel út. **V. 22,5 m.**

Traust þjónusta í 30 ár

# Komdu peningunum þínum
# í öruggt skjól í nýrri eign







GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR
– hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína







**Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is**
Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg

**Hafið samband við söluaðila og bókið skoðun.**

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31
Hilmar: 896 8750

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is
Viggó: 824 5066

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

BYGG

Glæsilegar, vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚUM BETUR
BYGG

www.bygg.is

**Berg fasteignasala, Bolholt 4**
Sími: 588 5530 • Netfang: berg@berg.is
Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Grétar J. Stephensen lögg. fasteignasali



**Skólabraut**
Vel skipulögð 57,5 fm íbúð á þriðju og efstu hæð í fallegu lyftuhúsi á Seltjarnarnesi.Góð aðstaða, matsalur og samkomusalur.
**V. 22,7 m. 7926**



**Þrastarhöfði. - Mosfellsbær**
Mjög glæsileg og nýtískuleg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd auk stæði í lokaðri bílageymslu. Flott íbúð
**V. 33,9 m. 7912**



**Flétturimi.**
Mjög falleg 61.2 fm. íbúð á 3.hæð í góðu fjölbýli. Gott áhv.lán frá íbúðalánasj.
**V. 16,5 m 8076**



**Laxatunga - Leirvogstunguhverfi.**
Fallegt 243,9 fm endaraðhús á tveimur hæðum. Húsið afhendist fullbúið en tilbúið til innréttinga að innan.
**V. 49,8 m. 8056**



**Krókabyggð - Mosfellsbær**
Fallegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórri og fallegri lóð. Stórar svalir með heitum potti og glæsilegu útsýni. **V. 49,5 m. 7958**



**Rjúpnasalir**
Gullfalleg 96 fm útsýnisíbúð með vönduðum innréttingum, gólfefnum og tækjum. Lyfta, bílageymsla. **V. 26,5 m. 8120**



**Álfaborgir**
Falleg 86 fm endaíbúð með sér inngang og afgirtum garði. Stutt í alla þjónustu. **V. 21,7 m. 8149**



**Blönduhlíð**
Glæsileg og mikið endurnýjuð kjallaraíbúð með sér inngangi í fallegu húsi. íbúðin er öll mikið endurnýjuð. Flott íbúð. **Hagst.áhv. lán 8140**



**Eiðistorg - Þakíbúð - þrennar svalir**
Mjög falleg 134 fm þakíbúð á tveimur hæðum með fallegu útsýni. **Flott eign. 8029**



**Furugrund**
Falleg íbúð á 2.hæð á þessum vinsæla stað í Fossvoginum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Svalir. Rólegt og fallegt hverfi. **V. 18,2m. 5729**



**Marteinslaug - Hagstætt verð.**
Allt að 90% fjármögnunNokkrar 3ja herbergja 98,2 fm til 109,2 fm íbúðir sem eru fullbúnar án gólfefna. Stæði í bílageymslu.
**V. frá 26,9 millj. 8066**



**Grettisgata**
Lítil og falleg íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi í bakgarði skammt frá miðbæ Rvk. Ný eldhúsinnrétting,
gólfefni og tæki. Hornbaðkar. **8142**



**Litlikriki - Mosfellsbær**
Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlakrika. Frábært skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm og afhendast tæplega tilbúin til innréttinga. **Verð frá 37,5 -41,5 millj. 7754**



**Hjaltabakki**
Góð 2ja herbergja 77,4 fm íbúð á jarðhæð með sérafnotarétti af lóð. Sameign góð og hús í góðu viðhaldi. Íbúðin er laus til afhendingar.
**V. 15,9 m. 8055**

BERG FASTEIGNASALA

**Berg fasteignasala, Bolholt 4**
Sími: 588 5530 • Netfang: berg@berg.is
Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Grétar J. Stephensen lögg. fasteignasali

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

# Hraunhamar leigumiðlun

## Íbúðir til leigu

**Fjóluhlíð Hf einbýli, 3 svefnh. 2 stofur. 150 þús/ per mánuð.**

**Drekavellir Hf, 3ja herb.100 fm með bílskýli.**

**Eskivellir Hf, 4ja herb.106 fm með bílskýli.**

**Dofraberg Hf, 4 herb. 120 fm.**

**Óskum eftir 3-4 til herb. íbúð á Völlunum eða Áslandi, leigist í 6 til 12 mánuði.**

**Óskum eftir 5 herb. íbúð, rað/par. í Áslandi, hugmynd að leiguverði 150-180 þúsund.**

**Óskum eftir íbúðum og atvinnuhúsnæði til leigumeðferðar. Traust og örugg þjónusta alla leið.**

**Erum með atvinnuhúsnæði af öllum stærðum og gerðum til leigu.**
**Allar nánari uppl. veita starfsmenn Hraunhamars.**

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

# heimili FASTEIGNASALA


Bogi Pétursson lögg. fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Einar Guðmundsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.-fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson, Einar Guðmundsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar




**Tröllakór - 5 herbergja.**
Glæsileg sérhönnuð 170 fm endaíbúð á efstu hæð ásamt stæði í bílageymslu. Sérinngangur og mikið útsýni




**Blómvangur - einbýli.**
Mikið endurnýjað 185 fm hús á einni hæð með innbyggðum 40 fm bílskúr. V. 48,5 m.




**Klapparhlíð - 5 herbergja.**
Nýleg og fullbúin 114 fm endaíbúð með sérinngangi. Fjögur góð svefnherbergi. Laus til afhendingar. V. 30,9 m




**Hraunbær - 4ra til 5 herb.**
Góð 120 fm íbúð á annari hæð, tvennar svalir í austur og suður. Góð sameign. Laus strax. Tilboð óskast




**Reynilundur - endahús á einni hæð.**
Vel skipulagt 205 fm endaraðhús. Í því eru fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Parket á gólfum, arninn í stofu og glæsilegur suðurgarður. Tvöfaldur bílskúr. Tilboð óskast.




**Sóleyjarimi - Endaraðhús.**
Nýtt fullbúið 202 fm endaraðhús með innbyggðum 31 fm bílskúr. Möguleg makaskipti á 3ja - 5 herb íbúð.




**Laxatunga Mos. - raðhús.**
Vel hönnuð raðhús á tveimur hæðum. Húsin eru 243,9 fm og þar af 25,6 fm bílskúr. Skilast fullbúin að utan og tilb. til innr. að innan. Lóð grófjöfnuð og bílaplan steypt. V. 48,9 mj.




**Ártúnsholt.**
MIkið endurbætt bjart og skemmtilega skipulagt 235 fm einbýlsihús á einni hæð með innbyggðum 28 fm bílskúr.




**Hólmvað - Sérhæð með bílskúr.**
160 fm , þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvesturs. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V 34,5




**Rauðamýri - raðhús**
Nýtt vandað og fullbúið með gólfefnum 200 fm hús með innbyggðum 27 fm bílskúr. V. 51,9 m. Öll skipti skoðuð



**Ljósheimar - mjög góð 4ra.**
Mikið endurnýjuð um 110 fm íbúð á 1. hæð í viðhaldsfríu fjölbýli. Nýtt eldhús og bað. Stór herbergi með nýjum skápum. Tvennar svalir. Vel skipulögð íbúð. Verð 25 millj.



**Tröllakór - 3ja - 5 herbergja.**
Vandaðar 110 - 175 fm íbúðir í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. Fallegar innréttingar, granít í borðplötum og meðfylgandi ísskápur, uppþvottavél og örbylgjuofn. Séringangur í allar íbúðir. Fullinnréttaðar sýningaríbúðir á staðnum. Verð frá 25,9 m.



**Holtsflöt - Akranesi.**
Nýjar 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Afhendast fullbúnar en án gólfefna. Hagstæð verð og greiðsluskilmálar.



**Stuðlasel - 5 herbergja sérhæð.**
Góð 115 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi. 4 svefnherbergi og sérgarður. V. 28,9 m



**Njálsgata - 3ja herb.**
Falleg 60 fm risíbúð með mikilli lofthæð og suður svölum <B>V. 23,8 m. Áhv 9,4



**Árkvörn - 4ra m/ bílskúr.**
Falleg 117 fm endaíbúð með sérinngangi. Stór og góð stofa og rúmgóð þrjú svefnherb. Suðursvalir og frábært útsýni. V. 33,7 m



**Leifsgata - 4ra herb.**
Góð 100 fm íbúð á efstu hæð í 3ja íbúða stigagangi. Þrjú svefnherbergi, nýtt eldhús og björt og opin stofa. V. 24,9 m. Áhv. 13,3 m.



**Kórsalir - 3ja herbergja.**
Stór og björt 125 fm útsýnisíbúð í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. V. 31,9 m. Áhv 21,5 milj. hagstætt lán



**Samtún**
Falleg sérhæð á miðsvæðis í Reykjavík. Um er að ræða 3ja herberg. íbúð með sérinngangi sem er talsvert endunýjuð. V. 22,5 mi. Skipti mögul. á stærri eign.



**Víðimeður - hæð og ris**
Björt og falleg efri sérhæð og ris á á góðum stað í Vesturbænum. Íbúðin sem er talsvert endurnýjuð býður upp á mikila möguleika til stækkunar í risi sem eykur mjög á nýtingarmöguleika hennar. V. 33,9 m.



**Glaðheimar - 2ja herb.**
Ný algjörlega endurbætt 70 fm íbúð á rólegum barnvænum stað í enda botnlanga. Suður svalir og sérbílastæði.



**Langholtsvegur - 2ja herbergja.**
Góð um 60 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérbílastæði. Íbúðin var útbúin árið 2003 og er því nánast ný. Góð staðsetning. Verð 16,5 millj.



**Hjaltabakki - 2ja herbergja**
Góð 77 fm íbúð á jarhæð með sérafnotarétt af lóð/sólpalli. Parket á gólfum. Verð aðeins 15,9 m



**Flétturimi - 2ja herbergja.**
Góð 65 fm íbúð á 3. hæð með vestur svölum. Góðar innréttingar og gólfefni. Auðveld kaup - 95% lán. V. 16,5 m



**Markland - falleg 2ja á jarðhæð.**
Mikið endurnýjuð íbúð í klæddu fjölbýli. Fallegt eldhús og björt stofa. Parket á gólfum. Sér verönd. Góð staðsetning. Verð 15,5 milljónir.



**Hátún.**
Ný 70 fm íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi. Ísskápur og uppþvottvél í eldhúsi fylgja ásamt þvottavél í þvottahúsi. Stórar austur svalir og mikið útsýni yfir sundin blá.



**Dalvegur - iðnaðarhúsnæði.**
Gott 70 fm húsnæði með ca 4 m lofthæð og stórum innkeyrsudyrum. í enda salsins eru tvö herbergi ásamt baðherbergi og miklar geymsluhillur. V. 20,5 m.



**Hábrekka Ólafsvík- Tilvalið sumarhús.**
Gott mikið endurbætt 85 fm einbýlishús á einni hæð. Húsið stendur á stórri 800 fm lóð. Áhv. 9,0 m frá Íls 4,15% vextir til 40 ára

## Óskum eftir
## - Höfum kaupendur

- Sérbýli í byggingu í Úlfarsfelli í skiptum fyrir 4ra herb íbúð í grafarholti.
- Byggingarlóðum/ framkvæmdum á byrjunnarstigi á Höfuðborgarsvæðinu.

Heimili Fasteignasala • Síðumúla 13 • Sími: 530 6500 • www.heimili.is




**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**

Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



**Kleppsvegur 62**
**104 Reykjavík – 60 ára**

Stórglæsileg 102fm endaíbúð á 3 hæð í góðu fjölbýli, góðar suð-austur svalir. (Eru sumir búnir að byggja yfir svalirnar.) Íbúðin skiptist í gang, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi / sér geymslu í kjallara.
**V-36,6millj. (5966)**



**Vesturgata 7**
**67 ára og eldri.**

Mjög góð 57,8fm 2 herb.íbúð merkt : 301 á 2. hæð, með inngangi af svölum, innsta frá A.-gafli í Garðastrætisálmu, ásamt geymslu. Íbúðin er laus. Þeir einir geta keypt íbúðir og búið í þeim, sem orðnir eru 67 ára.
Eignin skiptist í : Forstofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og góðar stofu með útgangi út á yfirbyggðar vestur svalir. Mikil þjónusta er í húsinu t.d. heilsugæsla, bókasafn, fundarsalir, hárgreiðslustofa og fleira. **V-23,7millj. (5183)**

Höfum ákveðin aðila sem er búin að selja og vill fá amk. 80fm íbúð í 101. Tvö svefnherbergi skilyrði. Ekki kj. Verð frá 20-24millj.

**VANTAR**

Höfum ákveðin kaupanda að íbúð í 101-107 fyrir allt að 20 millj. Staðgreiðsla í boði. Eignin yrði að vera laus strax.

# Tunguháls 8
# 110 Reykjavík – Til leigu



Um er að ræða 4168,9fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Húsnæðið skiptist sem hér segir. Norðurendi sem er 1.070 sem skiptist í skriftstofur sem eru 211 fm, opinn 648,4 fm sal með allt að 7,5 metra lofthæð og 211 fm milliloft með ca 3ja metra lofthæð. Miðbil sem er 728,7 fm, skiptist í 576,1fm sal með allt að 7,5 metra lofthæð auk 152,6fm skrifstofur. Suðurhluti nybygging. Sá hluti skiptist í tvær hæðir. Báðar hæðir eru með ca: 3 metra innkeyrsludyrum. Neðri hæð: Skiptist í 602,4 fm viðbygging með 3ja metra lofthæð og 582,5 fm tengibyggingu. Lofthæð í tengibyggingu eru 3 metrar og á henni eru tvennar innkeyrsludyr. Efri hæð: er 1184,9 fm opinn salur. Lofthæð er 3 metrar við útvegg en 4,5 metrar við mæni, innkeyrsludyr. Sunnanmegin við húsið liggur rampur upp á efri hæðina. Auðvelta má bæta við innkeyrsludyrum á jarðhæð. Góð bílastæði. Húsnæðið má leigja allt í einu eða í minni einingum.

# SKÚTUVOGUR
## - HEILDSALA

Til sölu um 400 fm. húsnæði í nýlegu húsi við Skútuvog.
Húsnæðið er í góðu ástandi og skiptist í skrifstofur og lager og er sniðið að heildsölu- og innflutningsrekstri. Mögulegt að kaupa rekstur með húsnæðinu. Áhugavert tækifæri.

**Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða, gsm. 892-7798.**

**HÖFÐI**
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.**

## Austurgerði
**– neðri sérhæð m/bílsk.**





Hugguleg neðri sérhæð í tvíbýli ásamt 28 fm bílskúr alls 157,8 fm á rólegum og góðum stað í Kópavogi.
Sér inngangur, fjögur svefnherbergi.
Gróinn og fallegur suðurgarður.

**Verð aðeins 28,5 millj.**

**HÖFÐI**
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.**

**Stóreign**
**Fremstir í atvinnufasteignum**
**Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk.**

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## Steinhella – Hf.
**Atvinnuhúsnæði.**



**TIL LEIGU - SÖLU.**
Nýtt glæsilegt hús. Um er að ræða ca. 100 fm og stærri bil m/háum innkeyrslu dyrum og góðri lofthæð. Hagstætt verð. Til afhendingar strax.
**Uppl. gefur Helgi Jón Harðarson sölustj. í síma 893-2233**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## Suðurgata – Hf. Einbýli.



Nýkomið í einkasölu við miðbæinn eitt glæsilegasta steinhús bæjarins. Um er að ræða þrílyft steinhús 212 fm. Húsið hefur verið nánast allt endurnýjað á sl. árum. Þar með talinn garður. Einstök eign, góð staðsetning. V.68 millj.
**Uppl. gefur Helgi Jón sölustjóri í síma 893-2233**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

www.volundarhus.is

# VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ SELJAST UPP

Því fer hver að verða síðastur að eignast hús frá okkur. Höfum einnig til sölu úrvals pallaefni, girðingaefni og undirstöður. Gagnvarin fura á mjög hagstæðu verði.

**Næsta sending gæti hækkað um 30%**



34 mm bjálki - Tvöföld vatnslæsing/nótun.




Verð: 99.500,- BARNAHÚS 2,1 m²




Verð: 210.000,- GARÐHÚS 4,7 m²




Verð: 225.000,- GARÐHÚS 6,0 m²




Verð: 245.000,- GARÐHÚS 7,2 m²




Verð: 286.000,- SVEFNKOFI 9,7 m²

Tilboð 595.000,-




Verð: 649.000,- GESTAHÚS 15 m²




Verð: 849.000,- GESTAHÚS 21 m²




Verð: 1.350.000,- GESTAHÚS 25 m²

## Tilboð á pallaefni

*Pallaefni og girðingaefni - Gagnvarin fura.*

| | |
|---|---|
| 21 x 95 mm | 195 kr. pr. lengdarmeter. |
| 28 x 95 mm | 225 kr. pr. lengdarmeter. |
| 34 x 95 mm | 450 kr. pr. lengdarmeter. |
| 45 x 95 mm | 320 kr. pr. lengdarmeter. |
| 45 x 145 mm | 475 kr. pr. lengdarmeter. |



Hagstætt verð

Staðgreiðslulán VISA Lán

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

*Það sem er innifalið í húsunum er: Allt viðarverk, gluggar eru glerjaðir og hurðir eru með lömum og festingum.

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

08-0159 Hennar hátign · * Verð miðast við október 2008 og er birt með fyrirvara um prentvillur.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu nýr/ónotaður Electrolux kæli- og frystiskápur úr stáli. Tilboð óskast í síma 866-3438 eða 551-3438

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

"12 fm herb. í 103 Rvk. til leigu strax. Sameignl. aðg. að baði, eldh. og stofu. Rafm., hiti & net innif. Nán. uppl. í s. 694 5400."

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

**4ra herbergja íbúð til leigu**
**Til leigu björt og falleg 4ra herbergja íbúð á Kleppsveginum. Uppl. í s. 841 0212.**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT*
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

4 herb. íbúð til leigu í Rimhverfi Grafarvogi, langtímaleiga. uppl. í 869-6868

Stórt 19fm herbergi fyrir einstakling við Barónsstíg Rvk 101 með aðgang að sturtu wc og þvottavél. Verð: 35.000kr á mánuði. Reykleisi skilirði Sími: 6612708. Árni.

Góð 4 herb. íbúð til leigu í Kóp. Með tvöföldum íssk. og uppþvottavél. 140 þús. á mán. og 280 þús. trygging. Er laus. Uppl. í s. 847 0891 Ásdís.

3herb á Hringbraut, 107 Rvk. 130.000/ mán Hiti, rafm, húsgj. innif í leigu. s. 8611917

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi með aðgang að öllu. Verð 45.000 per mán. Uppl. í s. 690 5838.

Available rooms for a long term rent, 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949

2 herb. ibuð i 107 hverfi. leiga 90 þús. 2 man, fyrirfr. Sif 8488577

30fm stúdíó íbúð til leigu með aðg. að öllu á sv. 104. Uppl. í s. 849 0880.

4ra herb. (82fm) íbúð við Holtsgötu til leigu. Langtímaleiga. 130þ. p/mán. Uppl. 822 2307 Óli. Laus strax.

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvóttavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608

Til leigu 4 herb, 115fm jarðhæð m/ sérinngangi í Ártúnsholti. 160 þ./mán. 8930436 Guðmundur

Til leigu 3ja herb.kj-íbúð í R-109. Verð 97.000 kr. Sími 6951790 og rvk109@ yahoo.com

4 herb. íbúð í 200 Kóp. til leigu. Mjög stutt í skóla og leikskóla. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 895 6105 eða 554 1216.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Vil leigja 2-3 herb íbúð í Hafnarf. eða Gbæ. Greiðslugeta 75.000 á mán. Upplýs. í síma 858 0413

## Fasteignir

VIL KAUPA STÓRT EINBÝLISHÚS Í SKIPTUM FYRIR TVÖ EINBÝLI Í BREIÐHOLTI 8937211

## Sumarbústaðir

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

## Atvinnuhúsnæði

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Sími 894 1949

3.herb. 85fm íbúð á 2. hæð í 110R til leigu á 110þ á mánuði með hússjóð án rafm. Leigist með/án húsg. Sími 8983078.

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

**Bolholt 4 til leigu !**
170 fm verslunar eða skrifst.húsnæði á götuhæð. Hægt að skipta í tvennt, lausir veggir! Steinteppi á gólfi. Allt í góðu standi. Laus strax! S. 511 2900 / 893 8166 / 896 0747.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

101 Rvk, Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar athugið! Geymsluhúsnæði fyrir lager- og brettavöru, búslóðir í 101 Rvk, Verð pr. bretti 1500,- á mán. Uppl. í síma 5442055

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Skemmtistaðurinn REX hefur opnað eftir breytingar og leitum við að starfsfólki til að vinna um helgar. Fólki í sal með reynslu á bar og barþjónum með reynslu. Viðtöl fara fram eftir samkomulagi. Hringið í Valla í 6980245 eða sendið mail á rex@rex.is

Rauða Torgið leitar samstarfs við skemmtilegar konur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu". Góðir tekjumöguleikar fyrir yndislegar konur. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

**Atvinnuleit í öðru landi**
Hefur þú skoðað heimasíðu Íslandssetursins í Danmörku. Það er aldrei að vita hvaða framtíð og möguleikar bíða þín. Í lífinu eru engin landamæri. Íslandssetrið í Danmörku www.izland.dk

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Ný leið –
ný tækifæri.
EKRON
STARFSÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING
www.ekron.is

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**Gay KK**
42 ára karlmaður vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Mjög heitur. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr . 8872.

**Samkynhn. KK ath:**
Á Rauða Torginu Stefnumót er nú mikill fjöldi nýrra auglýsinga frá karlmönnum á öllum aldri sem leita kynna við karlmenn. Sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**Kona ATH!**
Leitar þú afþreyingar með karlmanni? Viltu eignast nýjan vin? Viltu spjalla við karlmenn á vandaðri spjallrás? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót með 100% leynd! Síminn er 555-4321.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Tikynningar



**Málþing Handarinnar**

*Af erfiðleikunum vex maður.*

Mannræktarsamtökin Höndin halda málþing í Áskirkju, neðri sal, miðvikudaginn 12. nóvember klukkan 20.30.

Frummælandi er **Friðrik Pálsson**, hóteleigandi.

**Eyjólfur Magnússon**, formaður Handarinnar, flytur ávarp.

Fundarstjóri er **Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**, alþingismaður.

Kaffi og umræður.

**Allir velkomnir.**






## Þjónusta

*Hefur þú prófað:*

*Ayurveda nudd*

*Vísindi lífsins*

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

**Auglýsingasími**

512 50 50




– Mest lesið

**FRIEDRICH SCHILLER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1759**

*„Að fyrirgefa – það er að finna aftur það sem maður hefur misst.“*

***Schiller var heimspekingur, ljóðskáld og leikritaskáld. Kvæði hans, Óðurinn til gleðinnar, var notað í 9. sinfóníu Beethovens. Það er lofsöngur til bræðralags og frelsis.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. NÓVEMBER 1848

## *Deild um málefni Íslands stofnuð*

Snemma árs 1848 fór byltingaralda um alla Evrópu. Friðrik VII, konungur Danmerkur, ákvað að afnema einveldi þar. Hann hóf undirbúning nýs stjórnarfyrirkomulags, þingbundinnar konungsstjórnar. Hinni nýju stjórnskipan var meðal annars ætlað að vernda sérstök réttindi í hverjum landshluta.

Stuttu eftir að ný ríkisstjórn tók við störfum var ákveðið að steypa öllum þáttum sem vörðuðu stjórn Íslands saman í eina heild. Íslensk stjórnardeild var svo stofnuð með aðsetur í Kaupmannahöfn 10. nóvember 1848. Undir hana heyrðu einnig öll mál er tilheyrðu Grænlandi og Færeyjum.

Forstöðumaður stjórnardeildarinnar var skipaður Brynjólfur Pétursson, lögfræðingur og fulltrúi í danska fjármálaráðuneytinu. Brynjólfur var einn af Fjölnismönnum. Hann lést 1851 og var forstöðumaður deildarinnar til dánardags.



Stofnun íslensku stjórnardeildarinnar markaði á vissan hátt tímamót í íslenskri frelsisbaráttu. Með stofnun hennar var málum Íslands og Danmerkur að miklu leyti stíað í sundur.

## MERKISATBURÐIR

**1871** Henry Morton Stanley finnur David Livingstone á bökkum Tanganjikavatns og varð Stanley að orði: „Dr. Livingstone, vænti ég?“

**1913** Járnbrautarlest er notuð til fólksflutninga á Íslandi í fyrsta og eina skiptið þegar flutningalest er breytt og farþegar fluttir frá Reykjavíkurhöfn að Öskjuhlíð.

**1928** Brú er vígð yfir Hvítá í Borgarfirði hjá Ferjukoti.

**1967** Siglufjörður kemst í vegasamband allt árið við opnun Strákaganga.

**1984** Raforkukerfi Íslands er hringtengt þegar Suðurlína er tekin í notkun.

## AFMÆLI



**ENNIO MORRICONE** tónskáld er áttræður.



**NEIL GAIMAN** rithöfundur er 48 ára.

# Ástin í öndvegi

Ástin til Norðurlandanna er aðalþema norrænu bókasafnsvikunnar sem hefst í dag og stendur til 16. nóvember. Stærsti viðburður vikunnar er upplestur úr völdum verkum í öllum löndunum á sama tíma. Hann hefst klukkan níu í dag fyrir börn og klukkan sjö í kvöld fyrir fullorðna.

Guðrún Helgadóttir er aðalhöfundur texta fyrir börnin með söguna Ástarsaga úr fjöllunum en Eeva Kilpi frá Finnlandi sér um textann fyrir fullorðna og hefur skrifað hann sérstaklega fyrir þessa viku. Markmiðið er að lýsa í bókmenntum tengslum Norðurlandabúa til síns heimalands og nágrannalandanna.

Bókasafnsvikan er ein af stærstu upplestrarviðburðum Norðurlanda og jafnvel í heiminum öllum. Hún verður haldin í rúmlega 2.600 bókasöfnum, skólum og félögum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.



Guðrún Helgadóttir er aðalrithöfundur texta fyrir börn á norrænu bókasafnsvikunni.



**RÁÐUNAUTURINN** Ólafur hefur verið fjárbóndi í Reykjavík í rúmlega fimmtíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÓLAFUR R. DÝRMUNDSSON:** HEIÐRAÐUR AF BÚFJÁRRÆKTARSAMBANDI EVRÓPU

# Númer eitt er að treysta gott fæðuöryggi þjóðarinnar

„Nú er mikið talað um hvernig Íslendingar standi sig á erlendum vettvangi og óhætt er að fullyrða að þeir standi framarlega í ýmsum þáttum landbúnaðarvísinda, einkum sauðfjárrækt. Það koma hópar fólks víða að úr heiminum hingað til að skoða íslenska fjárrækt því aðferðir okkar byggjast á rannsóknum og mikilli reynslu.“ Þetta segir dr. Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, sem nýlega var heiðraður á 800 manna ársfundi Búfjárræktarsambands Evrópu í Litháen. „Þessi viðurkenning er silfurmedalía ágrafin. Hún kom mér algerlega á óvart en var veitt fyrir dygga þjónustu og fræðilegt framlag,“ útskýrir hann. Hann kveðst hafa farið nokkuð reglulega á ársfundi sambandsins frá 1976, upphaflega að frumkvæði dr. Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra sem kom Íslandi inn í Búfjárræktarsambandið skömmu eftir að það var stofnað 1949. „Á tímabili var ég ritari í sauðfjár- og geitadeildinni og er að ljúka sex ára tímabili sem varaforseti,“ útskýrir Ólafur.

Ólafur er Reykvíkingur en ættaður úr Húnavatnssýslum og kveðst hafa dvalið mikið sem barn og unglingur hjá móðurfólki sínu í Hnausum í Þingi. „Þaðan kom áhuginn á landbúnaðinum,“ segir hann. „Ég byrjaði með kindur hér í Reykjavík þegar ég var um fermingaraldur og hafði þær meðal annars í gömlu Fjárborg við Blesugróf þar sem Tengi er núna. Á gagnfræða- og menntaskólaárum var ég þegar orðinn fjárbóndi,“ lýsir hann og í ljós kemur að hann er það enn. „Það er tómstundaiðja hjá mér að eiga nokkrar kindur,“ segir hann hógvær og kveðst líka fást við lífræna ræktun grænmetis í smáum stíl.

Ólafur tók doktorspróf í æxlunarlíffræði sauðfjár 1972 við háskóla í Wales og réði sig að því loknu sem kennari framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri sem síðar varð búvísindadeild og enn síðar Landbúnaðarháskólinn. „Ég var um tíma yfirkennari á Hvanneyri og vann þar að rannsóknum á fengitíma, kynþroska og fleiru í sambandi við sauðféð. Innleiddi meðal annars aðferðir til að samstilla gangmál hjá ám í tengslum við sæðingar. Þá ganga ærnar allar á svipuðum tíma og bera á svipuðum tíma. Þetta var tækninýjung. Ég hef starfað sem landsráðunautur hjá Bændasamtökunum frá 1977, einkum við lífrænan búskap og landnýtingu.“

Ísland er meðal þekktari sauðfjárræktarþjóða í Evrópu að sögn Ólafs. „Það vekur athygli erlendis hvað Íslendingar nýta vel gömlu búfjárkynin, framrækta þau og ná góðum árangri,“ segir hann. „Við erum hér með búfjárkyn framtíðarinnar sem nýta vel gras og eru heppileg fyrir okkar skilyrði ef þess er gætt að ofbeita ekki landið.“ Hann bendir á að orkan sé orðin dýr og kornverð hátt á alþjóðamarkaði. „Það er komin upp sú staða að ýmis lönd sem voru aflögufær eru það ekki lengur og sá ódýri matur sem talað hefur verið um er í raun ekki til lengur.“

Hagsmunir íslenskra bænda og neytenda fara vel saman um þessar mundir að áliti Ólafs. Hann gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að halda landbúnaðarfrumvarpinu til streitu við þær aðstæður sem nú eru uppi. „Það má ekkert gera sem veikir landbúnaðinn núna,“ segir hann með áherslu. „Því á ráðherra að leggja frumvarpið til hliðar að sinni því það getur stofnað heilum búgreinum í hættu. Númer eitt er að treysta fæðuöryggi þjóðarinnar.“

gun@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Karlsdóttir**

Kjarrmóa 18, Reykjanesbæ,

andaðist mánudaginn 3. nóv. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. nóvember, kl. 14.00

**Ágústa Þorleifsdóttir** **Kristófer Þorgrímsson**
**Júlíana Pietruszewski** **Paul Pietruszewski**
**Guðmundur K. Þorleifsson** **Sigurlaug Björnsdóttir**
**Karólína M. Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,*

**Ragnheiður Hildur Skarphéðinsdóttir (Rúrý)**

Njörvasundi 33,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 11. nóvember kl. 15.00.

**Hildur Imma Gunnarsdóttir**
**Anna María Ingadóttir**
**Hildur Ágústsdóttir** **Skarphéðinn Valdimarsson**
**Ragna Dúfa Skarphéðinsdóttir** **Guðmundur Kjalar Jónsson**
**Ágúst Skarphéðinsson**
**Jóhann Þröstur Skarðhéðinsson**


NÆTURVAKTIN
2000 titlar með einum takka á fjarstýringunni
Með Sjónvarpi Símans opnast þér aðgangur að öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og yfir 60 erlendum stöðvum í bestu mögulegu myndgæðum. Þú færð einnig aðgang að SkjáBíói þar sem þú getur leigt um 2000 þætti og bíómyndir. Pantaðu Sjónvarp Símans á siminn.is, í 800 7000 eða næstu verslun Símans.
Við tengjum
Sjónvarp Símans án þess að taka krónu fyrir!*
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
*Gegn 6 mánaða bindingu í ADSL hjá Símanum.
Sími
Netið
Sjónvarp



**Við komum pakkanum þínum til skila**

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is




# Allt er hverfult í heimi hér

NOKKUR ORÐ
**Vigdís Þormóðsdóttir**

Það er vissulega margt sorglegt við afleiðingar bágborins efnahagsástands þjóðarinnar. Ef litið er fram hjá skelfilegum afleiðingum þess á lífskjör fólksins í landinu er einna sorglegast að hugsa til þeirra áhrifa sem kreppan hefur á menningarlíf landsins. Þá ekki aðeins á hámenninguna, þó svo að fyrirséð sé að ótvíræður samdráttur verði á því sviði, heldur einnig á hina ágætu séríslensku lágmenningu sem þjóðin hefur komið sér upp á síðustu árum.



BT-músin gula hefur brætt hjörtu landsmanna á síðustu árum, bæði með kraftmikilli frammistöðu sinni í eigin persónu í verslunarkjörnum landsins á tyllidögum, og einnig með leiklistarhæfileikum sínum í bráðsmellnum sjónvarpsauglýsingum BT-verslunarkeðjunnar. Sérlega fyndin er ein sú nýjasta þar sem músin og tölvuleikjahetjan Mario virðast við það að berjast með vopnum á agalega hasarlegan hátt, en enda svo bara á því að fara í kerlingarslag. Óborganlegt.

Framtíð músarinnar er síður en svo björt. BT-verslanirnar, eiginlegt heimili mýslu, eru í bráðri hættu sem og sjónvarpsstöðin Skjár einn, en þar hefur músin um árabil átt sitt andlega heimili og athvarf, sérlega í þættinum góða Game Tíví. Ef allt fer á versta veg gæti hreinlega svo farið að músin hverfi fyrir fullt og allt úr íslensku menningarlandslagi. Sem kann við fyrstu sýn að virðast hlutfallslega heldur lítill skaði miðað við sumar aðrar þær hörmungar sem þjóðin gengur nú í gegnum. En það má samt alveg syrgja smáatriði, þótt þau séu ómerkileg.







Til leigu
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

**Upplýsingar í síma 480-0000**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið








## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sean Penn styður Guy Ritchie

Hafi einhvern dreymt um að skilnaður Guy Ritchie og Madonnu myndi fara fram á friðsamlegum og rólegum nótum var það óskhyggjan ein. Þau hjónakorn hafa verið dugleg að senda hvort öðru duldar pillur með einum eða öðrum hætti. Guy stendur hins vegar ekki einn því leikstjórinn og leikarinn Sean Penn lýsti því á verðlaunahátíð að hann hefði fulla trú á Guy Ritchie.

Penn tók á móti BAFTA/LA-Stanley Kubrick-verðlaunum á fimmtudaginn og sagði þá að hann byggist við því að nú myndi ferill Guy hefjast fyrir alvöru. Og vísaði þar til þess að hann væri nú loks laus undan Madonnu og gæti einbeitt sér að eigin verkum. „Hvað get ég eiginlega sagt á ensku? Guy Ritchie snýr aftur,“ sagði leikarinn og uppskar mikið lófaklapp. Penn og Madonna voru, eins og mörgum ætti að vera kunnugt um, gift í þrjú ár. Sambandið þótti heldur stormasamt og endaði með miklum hvelli. En síðan Penn og Madonna skildu hefur leikarinn átt góðu gengi að fagna. Og auðvitað söngkonan líka.

Madonna hefur ekki verið þekkt fyrir að fara fínu leiðina í að losa sig við ástmenn sína. Frægt er þegar hún stakk puttanum ofan í kok sitt og gerði sig líklega til að kasta upp eftir að þáverandi ástmaður hennar, Warren Beatty, hafði heimsótt hana baksviðs. Því sambandi lauk fljótlega eftir að myndbrotið var sýnt í kvikmyndinni In bed with Madonna. Madonna hefur verið dugleg við að senda Guy tóninn á tónleikum og lét meðal annars að því liggja að hann hefði haldið fram hjá henni.



**STYÐUR GUY** Sean Penn styður Guy Ritchie og telur að hann eigi eftir að ná ferli sínum á flug eftir skilnaðinn.



**ÓVENJULEG BÓN** Nokkrir aðdáendur Anne Hathaway hafa óskað eftir myndum af berum fótum leikkonunnar.

## Skuggalegur aðdáandi

**Anne Hathaway fékk óvenjulegt bréf frá einum aðdáanda sínum á dögunum, þar sem hann óskaði þess að hún tæki myndir af berum fótum sínum. Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem aðdáandi biður Anne um mynd af fótum hennar, en hún segist reyna að taka slík bréf ekki of alvarlega.**

**Leikkonan, sem opinberaði nýlega samband sitt við leikarann Adam Shulman, segir flest aðdáendabréfin sem henni berast vera vingjarnleg. Hún viðurkennir þó að útlit hennar kalli stundum á neikvæða athygli og segist hafa fengið nokkur skrítin bréf frá aðdáendum sem hún hefði síður viljað lesa.**



**SKILINN Í ANNAÐ SINN** Leikarinn Robin Williams segist ekki vilja ganga í hjónaband í þriðja sinn eftir skilnað við aðra eiginkonu sína, Marsha Graces.

## Giftir sig ekki aftur

**Robin Williams kveðst aldrei ætla að gifta sig aftur. Leikarinn skildi við aðra eiginkonu sína, Marsha Graces, eftir átján ára hjónaband, en Marsha sótti um skilnað í maí síðastliðnum sökum óviðunandi ágreinings.**

**Í viðtali við breska dagblaðið Daily Mail segir Robin það ekki koma til greina að ganga í hjónaband í þriðja sinn. „Það er ekki aðeins af fjárhagslegum ástæðum sem ég ætla ekki að gifta mig aftur. Fólk myndi hugsa sig tvisvar um áður en það skilur ef það þyrfti að gefa líkamspart í staðinn fyrir helminginn af aleigunni,“ segir leikarinn.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 10. nóvember**

**➜ Fyrirlestrar**

**12.30 Sólveig Aðalsteinsdóttir** myndlistamaður verður með fyrirlestur um myndlistaverk sín í húsnæði myndlistadeildar Listaháskóla Íslands, stofu 024m Laugarnesvegi 91.

**➜ Norræn bókasafnsvika**

**Norræna húsið**

**10.00 Sigurður Helgason** les Ástarsögu úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur.

**17.50 Kór Norræna félagsins Vox Borealis** flytur tónlist og Hjalti Rögnvaldsson les texta dagsins eftir finnsku skáldkonuna Eevu Kilpi.

**Bókasafn Hafnarfjarðar, Strandgötu 1.**

**16.30 Guðrún Helgadóttir** les úr bók sinni Ástarsaga úr fjöllunum.



**18.00 Rannveig Rist** les texta dagsins eftir finnsku skáldkonuna Eevu Kilpi.

**➜ Uppboð**

**18.00 Listmunauppboð** í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 12-14.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





# Fréttablaðið stendur upp úr

## Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft… …alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 8 og 10 - POWER | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.15 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE... | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO LOSE... | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 síð sýn | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RESCUE DAWN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40D - 8D | L |
| EAGLE EYE | kl. 10:20D | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. sýnd á lau. og sun. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MY BEST FRIEND'S GIRL | kl. 8 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 - 9 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10.30 -11.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 -10.10 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




# Aðdáendur upp á svið

Rivers Cuomo, forsprakki hljómsveitarinnar Weezer, ætlar að bjóða aðdáendum sínum upp á svið með sér á tónleikum í Kaliforníu 25. nóvember. Cuomo er að kynna sína nýjustu sólóplötu, Alone II, og vill með þessu vekja enn meiri athygli á gripnum.

„Allir geta tekið þátt, þið þurfið ekki einu sinni að koma með hljóðfæri. En ef þið komið með hljóðfæri verðið þið hluti af hópnum sem fær að velja lögin sem við spilum,“ sagði Cuomo. Hann verður einnig með tölvu á sviðinu sem hann notast við ef hann þekkir ekki texta óskalaganna frá aðdáendum sínum.



**RIVERS CUOMO** Forsprakki Weezer ætlar að bjóða aðdáendum sínum upp á svið með sér á tónleikum í Kaliforníu.

# Erlendir nafnar Lay Low

**Lay Low er án efa einn vinsælasti tónlistarmaður Íslands í dag auk þess sem erlendir útgefendur slást um krafta hennar. Hún er þó ekki sú eina sem ber þetta sérstæða listamannsnafn því hún á sér að minnsta kosti fjóra nafna úr tónlistarbransanum vestanhafs.**



**LAY LOW** Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir kallar sig Lay Low. Nýjasta plata hennar, Farewell Good Night´s Sleep, hefur fengið mjög góðar viðtökur. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

Fyrstan ber að nefna alnafna hennar, Lay Low, bófarappara frá Tennessee í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Lay Low, sem kallar sig einnig Maxmilien, tók upp nafn sitt til heiðurs rapparanum LL Cool J og notaði þar L-in tvö til að skapa nafnið Lay Low. Ferill hans hófst árið 1995 og vakti hann nokkra athygli á heimaslóðum með sveitinni Guillotine. Eftir það hóf hann sólóferil og reynir hann nú hvað hann getur til að ná eyrum sem flestra.

**Harðkjarni og popp**

Hljómsveitin Lay Low er svo harðkjarnasveit frá Flórída í Bandaríkjunum og Lay Low, Aim High, er poppsveit frá Ottawa í Kanada. Báðar eru þær án útgáfusamnings.

Loks má nefna Lay Low Kennels, bandarískan rappara, hvítan á hörund, sem einnig er lítið þeð í hörðum heimi tónlistarbransans. Lay Low Music, plötufyrirtækið, er jafnframt til staðar og einbeitir það sér að útgáfu bandarískrar hiphop-tónlistar.

Slái maður nafnið Lay Low inn á Wikipedia.com kemur þó í ljós að okkar íslenska Lay Low er sú eina sem kemur upp og hlýtur það að segja eitthvað um stöðu hennar á meðal misefnilegra nafna sinna í tónlistarbransanum.

**Nafnið ákveðið í bríaríi**

Kári Sturluson, umboðsmaður Lay Low, kannast vel við erlenda nafna hennar, sérstaklega þó hinn bandaríska Lay Low frá Tennessee. Hann segist þó aldrei hafa haft samband við þessa aðila og þeir ekki lagt fram neinar athugasemdir við hann, „enda engin ástæða til“.

Að sögn Kára var nafnið Lay Low valið í einhverju bríaríi. „Það vantaði á sínum tíma eitthvert nafn og það var eiginlega engin hugsun á bak við þetta. Þetta er eitthvað sem hún skaut fram,“ segir hann. **freyr@frettabladid.is**




**LAY LOW** Rapparinn Lay Low frá Tennessee í Nashville tók upp nafn sitt til heiðurs LL Cool J.



**LAY LOW** Bandaríska harðkjarnasveitin Lay Low er án útgáfusamnings og reynir hvað hún getur að ná athygli almennings.

# Sæmilegt skítapönk

Meðlimir Slugs virðast vera félagslega hornreka strákar sem hanga einhvers staðar í móki og finnast allir vera fávitar nema þeir sjálfir og allt vera ömurlegt. Sem sé, þetta er kjömandi góð gróðrarstía fyrir góða tónlist. Slugs spilar tilraunakennt skítapönk og segist undir áhrifum frá eðalböndum eins og meðal annars Butthole Surfers og Boredoms. Því miður er þó fátt á þessari plötu sem hefur ekki verið gert miklu betur áður af þessum og öðrum böndum á svipuðum slóðum. Bandið hljómar bara ekki nógu klárt og sniðugt. Eins og það hafi ekki þótt nógu töff að gefa sig almennilega í þetta, leggja sig fram.

Textarnir eru undir getu Sindra Eldons söngvara. Hann hefur í bloggi og músikgagnrýni í Grapevine sýnt að hann getur bæði verið klár og sniðugur – og auðvitað ógeðslega neikvæður sem er svo skemmtilegt. Þótt stundum skíni í sjokkera er þetta bara ekki nógu beitt til að virka almennilega.

Skítapönkið er gróft, subbulegt og hrátt. Lagasmíðarnar flestar bara la la, þótt stundum skíni í betri tíð, og sándið er losaralegt. Þetta er dálítið eins og að standa út í horni í æfingarhúsnæðinu hjá þeim haldandi fyrir eyrun á meðan bandið göndlast í skítapönkinu, hafandi stórkostlega gaman af því að fá löðrandi útrás sjálfir. Þú spyrð þig hvern fjandann þú varst eiginlega að álpast þarna inn. **Dr. Gunni**



**TÓNLIST**

Slugs

Slugs

★★

Strákar sem ættu að geta betur göndlast í losaralegu skítapönki.



BYLGJAN 989 KYNNIR:
Íslensku dívurnar
FROSTRÓSIR
Tenorarnir & góðir gestir
2008
Stór jólatónleikar Frostrósa
Stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Skólakór Kársness, Stúlknakór Reykjavíkur og Íslenski gospelkórinn.
HÖLLINNI AKUREYRI
12. DESEMBER
UPPSELT Í A-SVÆÐI
LAUGARDALSHÖLL
13. DES KL 20.00 - UPPSELT
13. DES KL 16.00 - AUKATÓNL.
Tónlistarstjóri er Karl O. Olgeirsson og stjórnandi hljómsveitar Árni Harðarson.
Sérstakir gestir: Guðrún Árný & Edgar Smári
Margrét Eir
Eivør
Hera Björk
Dísella
Garðar Thor Cortes
Jóhann Friðgeir
JÓLAGJÖF FROSTRÓSA
Gleðjumst og gefum með Frostrósum
Fyrir hvern seldan miða gefum við jólagjöf til þeirra er minna mega sín auk þess sem við bjóðum hundruðum á tónleikana. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin.
AUKATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00 Á midi.is
Íslensku dívurnar og gestir
FROSTRÓSIR
Um allt land
2008
Frostrósir um landið
4.–9. DES.
Þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Árný, Jóhann Friðgeir og Edgar Smári, færa landsmönnum jólin í ár í fylgd fjölda hljóðfæraleikara, strengjakvartetts og barnakórs.
NJÓTUM JÓLATÓNLEIKA FROSTRÓSA Í GLÆSILEGRI UMGJÖRÐ UM LAND ALLT.
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á midi.is
4/12 Ísafjörður – Ísafjarðarkirkja UPPSELT AUKATÓNLEIKAR KL. 18:00
5/12 Höfn í Hornafirði – Íþróttahúsið á Höfn
6/12 Eskifjörður – Menningarmiðst. í Fjarðarbyggð
7/12 Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja
7/12 Ólafsvík – Félagsheimilið Klif
9/12 Vestmannaeyjar – Höllin Vestmannaeyjum
FLUGFÉLAG ÍSLANDS ...flytur Frostrósir um landið
FROSTRÓSIR ...FÆRA ÞÉR JÓLIN
www.frostrosir.is
EKKI MISSA AF EINUM GLÆSILEGUSTU TÓNLEIKUM SÍÐARI ÁRA Á ÍSLANDI - Í FYRRA KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU

## > Íslendingalið féllu í Svíþjóð

Helgi Valur Daníelsson og félagar í Elfsborg misstu af sænska meistaratitlinum í gær. Kalmar varð meistari með því að gera jafntefli í lokaleik sínum og endaði þar með stigi á undan Elfsborg. Íslendingaliðin Sundsvall og Norrköping urðu síðan að sætta sig við að falla úr sænsku úrvalsdeildinni. Með Sundsvall leika Hannes Sigurðsson, Ari Freyr Skúlason og Sverrir Garðarsson. Gunnar Þór Gunnarsson er á mála hjá Norrköping og hann kom inn af bekknum í lokaleik liðsins í gær er það lagði Hammarby 5-2 en það breytti engu þar sem liðið var þegar fallið.



# sport

sport@frettabladid.is

**KVENNALIÐ FRAM Í HANDBOLTA:** STEINLÁGU Í TVÍGANG GEGN SLÓVENSKA LIÐINU RK OLIMPIJA

# *Svo fljótar að við náðum ekki að klukka þær*



Kvennalið Fram í handbolta hefur lokið keppni í EHF-áskorendabikarnum í ár. Framstelpur spiluðu gegn slóvenska liðinu RK Olimpija í tvígang ytra um helgina og töpuðu báðum leikjunum. Þeim fyrri tapaði Fram 42-23 en leikurinn í gær var skárri þar sem Fram tapaði með níu marka mun, 36-27.

„Þetta er rosalega sterkt lið og í raun spilar það allt annan handbolta en við þekkjum. Rosalegur hraði og þær keyrðu hreinlega yfir okkur á löngum köflum. Skoruðu meðal annars mörk úr hraðri miðju án þess að við næðum einu sinni að klukka þær, svo fljótar voru þær slóvensku,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, en hann var talsvert ánægðari með seinni leikinn en þann fyrri.

„Það var allt annað líf. Við vorum allan fyrri leikinn hreinlega að ná áttum. Þetta var síðan fínt í seinni leiknum og þó svo við höfum tapað nokkuð stórt var það líklega okkar besti leikur á þessu tímabili,“ sagði Einar en um 300-400 manns sáu leikinn í stórri íþróttahöll sem rúmar um 4.000 manns og því hálftómlegt á pöllunum. „Þeir segja mér Slóvenarnir að fólk sé orðið svo góðu vant hér að það mæti bara þegar nálgast úrslitin. Þá fyllast hallirnar hérna.“



Fram-liðið hefur ekki náð að fylgja eftir góðu tímabili í fyrra nú í vetur og Einar vonaðist til þess að nýta ferðina í að þjappa hópnum betur saman í von um að liðið kæmi í kjölfarið sterkara til leiks á Íslandsmótið.

„Þessi ferð hefur skilað sínu. Það er ekki nokkur spurning. Við komum endurnærð heim og ég er sannfærður um að við munum bíta meira frá okkur í deildinni heima,“ sagði Einar en er eitthvað fjárhagslegt tap á þessari þátttöku þeirra í Evrópukeppninni?

„Ég á ekki von á því. Stelpurnar hafa verið duglegar að safna sjálfar fyrir ferðinni með sölu á klósettpappír, vörutalningum og öðru tilfallandi sem þær komust í. Hafa lagt mikið á sig og vonandi komum við bara út á núllinu,“ sagði Einar.

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

ASTON VILLA - MIDDLESBROUGH 1-2
0-1 Tuncay Sanli (33.), 1-1 Steven Sidwell (36.), 1-2 Tuncay Sanli (87.).

BLACKBURN ROVERS - CHELSEA 0-2
0-1 Nicolas Anelka (38.), 0-2 Nicolas Anelka (67.).

FULHAM - NEWCASTLE UNITED 2-1
1-0 Andy Johnson (22.), 1-1 Shola Ameobi (56.), 2-1 Danny Murphy (65.).

MANCHESTER CITY - TOTTENHAM 1-2
1-0 Robinho (15.), 1-1 Darren Bent (28.), 1-2 Darren Bent (63.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **12** | **9** | **2** | **1** | **29-4** | **29** |
| Liverpool | 12 | 9 | 2 | 1 | 19-8 | 29 |
| **Arsenal** | **12** | **7** | **2** | **3** | **25-13** | **23** |
| Man. United | 11 | 6 | 3 | 2 | 20-10 | 21 |
| **Aston Villa** | **12** | **6** | **2** | **4** | **20-16** | **20** |
| Hull City | 12 | 6 | 2 | 4 | 17-19 | 20 |
| **Everton** | **12** | **5** | **3** | **4** | **18-20** | **18** |
| Middlesbrough | 12 | 5 | 2 | 5 | 13-17 | 17 |
| **Portsmouth** | **12** | **5** | **2** | **5** | **13-18** | **17** |
| Bolton | 12 | 4 | 2 | 6 | 11-13 | 14 |
| **Stoke City** | **12** | **4** | **2** | **6** | **13-19** | **14** |
| Man. City | 12 | 4 | 1 | 7 | 24-20 | 13 |
| **West Ham** | **12** | **4** | **1** | **7** | **16-22** | **13** |
| Blackburn | 12 | 3 | 4 | 5 | 13-22 | 13 |
| **Tottenham** | **12** | **3** | **3** | **6** | **15-18** | **12** |
| Wigan Athletic | 12 | 3 | 3 | 6 | 13-16 | 12 |
| **Newcastle** | **11** | **3** | **3** | **5** | **14-18** | **12** |
| Sunderland | 12 | 3 | 3 | 6 | 10-18 | 12 |
| **Fulham** | **10** | **3** | **2** | **5** | **8-9** | **11** |
| WBA | 12 | 3 | 2 | 7 | 10-21 | 11 |

Norski bikarinn:

## Stabæk tapaði í úrslitum

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson, Pálmi Rafn Pálmason og félagar í norska meistaraliðinu Stabæk náðu ekki að vinna tvöfalt í Noregi þetta árið.

Stabæk mætti Vålerenga á Ullevaal-vellinum í gær í bikarúrslitum og steinlá, 4-1.

Veigar Páll náði að hrista af sér ökklameiðslin sem hann varð fyrir á fimmtudag og byrjaði leikinn. Hann lék í 85 mínútur en þá kom Pálmi Rafn inn á fyrir Veigar. Tapið var nokkurt áfall fyrir Stabæk enda var búist við sigri þeirra í leiknum þar sem Vålerenga náði aðeins tíunda sæti í norsku deildinni. **- hbg**

# Anelka hreint óstöðvandi

**Nicolas Anelka heldur áfram að fara á kostum með Chelsea og skoraði tvö mörk í öruggum sigri Chelsea á Blackburn. Harry Redknapp heldur áfram að blása lífi í Tottenham-liðið en það skellti Man. City á útivelli í gær.**

**FÓTBOLTI** Chelsea endurheimti toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær en Liverpool stökk í sólarhring á toppinn á laugardag. Nicolas Anelka er hreint óstöðvandi í framlínu Chelsea þessa dagana og skoraði bæði mörkin í sigrinum á Blackburn en Anelka hefur nú skorað tíu mörk á leiktíðinni. Það rigndi eins og hellt væri úr fötu meðan á leiknum stóð en það stöðvaði ekki Anelka.

Sigurinn var hin fullkomna afmælisgjöf fyrir stjóra Chelsea, Luis Felipe Scolari, sem varð sextugur í gær.

„Völlurinn var afar hættulegur í fyrri hálfleik vegna rigningarinnar og aðstæður gerðu okkur afar erfitt fyrir með að spila okkar bolta. En við náðum 1-0 forystu og við vissum að næðum við öðru marki væri sigurinn okkar,“ sagði afmælisbarnið brosandi og hann var líka ánægður með Anelka, sem oft er kallaður fýlupúkinn, en meira að segja Anelka brosti er hann skoraði. „Anelka æfir mjög vel á hverjum degi og hefur verið að reyna að bæta markaskorunina. Nú er hann að fá fleiri færi og klárar þau sem er að sjálfsögðu ekkert nema jákvætt fyrir okkur.“

Paul Ince, stjóri Blackburn, var ósáttur við að fá ekkert úr leiknum. „Chelsea spilaði vel í fyrri hálfleik en Robinson var í flottu formi og hélt okkur á floti. Við gáfum þeim virkilega fína mótspyrnu í síðari hálfleik og hefðum vel getað fengið eitthvað úr þessum leik. Það er afar svekkjandi að þessi frammistaða skuli ekki hafa skilað okkur neinum stigum sem við áttum skilið. Við erum samt ekkert að örvænta heldur vantar okkur smá heppni sem hlýtur að koma,“ sagði Ince.



**SJÓÐHEITUR** Varnarmenn liða í ensku úrvalsdeildinni ráða ekkert við Anelka þessa dagana. Hann fagnar hér öðru af tveimur mörkum sínum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Harry Redknapp hefur heldur betur breytt útlitinu hjá Tottenham á undraverðum tíma og enn einn sigurinn kom í hús hjá Spurs í gær er það heimsótti Man. City. Darren Bent skoraði tvívegis til að tryggja Spurs sigur en Robinho skoraði eins og oft áður fyrir City. Tottenham er þar með komið úr botnsætinu.

„Síðustu tvær vikur hafa verið frábærar fyrir okkur. Þetta var virkilega stór leikur og mér fannst við byrja vel og því var áfall að lenda undir. Við stöppuðum í okkur stálinu og komum til baka. Annars var þetta sérstakt síðdegi enda þrír reknir af velli. Stigin þrjú er þó það sem mestu skiptir,“ sagði Redknapp kátur. **henry@frettabladid.is**



**ÞÓRIR HÁKONARSON** Segir sjóði KSÍ vera á góðum stað og tjón sambandsins ekkert í kreppunni.

Ekkert tap hjá KSÍ:

## Allar innistæður KSÍ tryggar

**FÓTBOLTI** Kreppan hefur ekki komið illa við Knattspyrnusamband Íslands enda voru sjóðir sambandsins á tryggum innistæðureikningum að sögn Þóris Hákonarsonar, framkvæmdastjóra KSÍ.

„Okkar peningar eru á reikningum og það hefur ekkert horfið á þeim. Það er allt í góðu lagi með þau mál,“ sagði Þórir en hann segir peninga KSÍ ekki hafa verið í neinum sjóðum sem hafi gufað upp.

„KSÍ hefur enn sem komið er ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni í kreppunni og ég hef ekkert fyrir mér í að það muni gerast,“ sagði Þórir en eigið fé KSÍ í lok síðasta árs var rúmlega 347 milljónir króna. **- hbg**



**VIKTOR KRISTMANNSSON** Náði frábærum árangri um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N-Evrópumót í fimleikum:

## Viktor þriðji

**FIMLEIKAR** Íslenskt fimleikafólk náði fínum árangri á Norður-Evrópumótinu sem haldið var í Versölum um helgina.

Hæst bar að Viktor Kristmannsson varð þriðji í fjölþraut þar sem hann atti meðal annars kappi við sterka kappa og Ólympíufara.

Thelma Rut Hermannsdóttir stóð sig einnig vel og varð níunda í fjölþrautinni.

Fjórir íslenskir þáttakendur komust síðan í úrslit á einstökum áhöldum en ekkert þeirra vann þó til verðlauna. **- hbg**


Boltinn er hjá okkur!

Arsenal – Aston Villa — TILBOÐ — 14.-16. nóvember
Flug og miði á leik: 39.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og miði á leikinn.

Man Utd. – Stoke — TILBOÐ — 14.-16. nóvember
Flug og miði á leik: 35.000 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum og miði á leikinn.

Arsenal – Dynamo Kyiv — TILBOÐ — 25.-26. nóvember
Verð á mann í tvíbýli: 49.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótel m/morgunverði.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir — Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


FH sló Akureyri út úr Eimskipsbikarnum í gær:

## FH-guttarnir ótrúlegir

**HANDBOLTI** Spútniklið FH heldur áfram að gera það gott en í gær sló FH lið Akureyrar út í 32-liða úrslitum Eimskipsbikarsins. Þetta var þess utan uppgjör toppliða N1-deildarinnar en bæði þessi lið hafa komið gríðarlega á óvart með góðum leik í vetur.

Það blés nú ekki byrlega fyrir hinu unga FH-liði framan af enda var það undir í leikhléi, 16-19. Eins og svo oft áður í vetur sýndu FH-guttarnir gríðarlegan styrk í síðari hálfleik þar sem þeir hreinlega völtuðu yfir Norðanmenn og unnu að lokum stórsigur, 37-31.

Aron Pálmarsson átti enn einn stórleikinn fyrir FH í vetur og skoraði 12 mörk. Annar magnaður gutti, Ólafur Guðmundsson, var næstmarkahæstur FH með 7 mörk. Hörður Fannar Sigþórsson var atkvæðamestur hjá Akureyri með 7 mörk og Jónatan Magnússon skoraði 6. **- hbg**



**ARON PÁLMARSSON** Skoraði 12 mörk og átti stórleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# 10 ÁRA OG YNGRI BORÐA FRÍTT MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

Gildir eingöngu þegar forráðamaður kaupir máltíð.
1 máltíð á barn af barnamatseðli. Gildir eingöngu í sal.

STOFA 53



**> Hayden Panettiere**

„Ég er mannleg. Þótt ég sé í kastljósinu þýðir það ekki að ég sé fullkomin.“
Panettiere fer með hlutverk Claire Bennet í þættinum Heroes en Skjáreinn byrjar að sýna nýja seríu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON RIFJAR UPP FRAMTÍÐINA

# *Árið 2000, framtíð og fortíð*



Það er kunnara en frá þurfi að segja að innan fárra vikna mun ríkið annast alla fjölmiðlun hérlendis. Því sé ég mig knúinn til að undirbúa lýð þessa lands undir það sem koma skal. Efnahagskreppan sem nú ríður yfir mun skjóta þjóðinni um það bil fjóra áratugi aftur í tímann, svo ég nota það til viðmiðunar.

Árið 1970 skrifaði nafnlaus starfsmaður Morgunblaðsins fjölmiðlapistil undir yfirskriftinni „Sjónvarp“. Var honum töluvert mikið niðri fyrir. Hann greindi af bestu getu hið nýtilkomna óskabarn þjóðarinnar og framboð dagskrárefnis. Hans meginniðurstaða á þessum tímapunkti var eftirfarandi: „Þegar frá líður verður sífellt erfiðara að framreiða efni í sjónvarpi sem verður okkur áhrifamikið og minnisstætt.“ Kannski má það til sanns vegar færa. Höfundur er framsýnn maður. Þennan dag sá hann ástæðu til að gagnrýna þá ákvörðun dagskrárstjóra sjónvarps að sýna þátt nokkurn undir heitinu Andy Williams Show. Hann spyr hvort þarna glitti í framtíð þessa miðils. „Hve yndislega amerískt. Og hve dásamlega innan-tómt. Þetta er áreiðanlega það sem koma skal: Nægilegur hávaði, glitrandi ljós, væmnir karlmenn og píur. Tilræði við menninguna!“ Já, framsýnn maður.

Af öðrum dagskrárliðum þótti leikritið Einleikur á ritvél frábært sjónvarpsefni, enda verkið samið sérstaklega fyrir þennan miðil. Honum þótti höfundur fundvís á það skoplega í samtímanum eins og til dæmis hvernig söguhetjurnar lifðu í sjálfsblekkingu. Hann bendir á að fyrir þeim sem ekki fá nægar upplýsingar er blekkingin sá lífselexír sem lætur gangverk samfélagsins mala. Hmm … djúpur skilningur á samfélaginu.

Það sem veldur mér samt nokkrum áhyggjum eru orð blaðamanns um innslag hljómsveitar sem kallaði sig Árið 2000. Honum þótti flutningurinn allur hinn ömurlegasti en „Árni Johnsen bjargaði þó svo sem bjargað varð, því hann söng allt á móðurmálinu, kjarngóða texta þar að auki.“

Nú er ég fyrst orðinn hræddur. Guð hjálpi okkur öllum!

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Friday Night Lights** SKJÁREINN



▶ **20.20 Líf með köldu blóði** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05 Men in Trees** STÖÐ 2



▶ **21.05 Bardaginn mikli** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.10 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (9:26) (e)
**17.53 Sammi** (2:52)
**18.00 Kóalabræðurnir** (65:78)
**18.12 Herramenn** (27:52)
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Líf með köldu blóði** (Life in Cold Blood) (3:5) Breskur myndaflokkur eftir David Attenborough um skriðdýr og froskdýr.
**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (6:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið** Í þættinum verður fjallað um flestallt sem viðkemur íþróttum, sýnt frá helstu íþróttaviðburðum, farið yfir mál sem eru efst á baugi og rætt við íþróttafólk og íþróttaáhugamenn.
**22.45 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (18:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.30 Spaugstofan** (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Heading South**
**10.00 Zathura. A Space Adventure**
**12.00 Bigger Than the Sky**
**14.00 Heading South**
**18.00 Bigger Than the Sky**
**20.00 Kin** Heillandi kvikmynd sem vakti mikla athygli í Bretlandi og var tilnefnd til verðlauna (British Independent Film Award). Sögusviðið er Afríka og áhorfendur fá að kynnast þessari heimsálfu með alveg nýjum hætti.
**22.00 An Inconvenient Truth**
**00.00 The Sentinel**
**02.00 Campfire Stories**
**04.00 An Inconvenient Truth**
**06.00 Elizabethtown**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Stóra teiknimyndastundin og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (188:300)
**10.20 Grey's Anatomy** (33:36)
**11.15 Hell's Kitchen** (6:11)
**12.00 Grey's Anatomy** (6:25)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Nobody's Baby**
**15.00 Two and a Half Men** (19:24)
**15.30 Friends** (16:24)
**16.00 Galdrastelpurnar**
**16.25 Leðurblökumaðurinn**
**16.45 Justice League Unlimited**
**17.10 Tracey McBean**
**17.23 Louie**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.05 Veður**
**19.20 Kompás**
**19.55 The Simpsons**
**20.20 Extreme Makeover. Home Edition** (7:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
▶**21.05 Men in Trees** (6:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**21.50 Journeyman** (5:13) Dan Vassar öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka. Á tímaferðalagi sínu hittir hann fyrrum ástkonu sína sem lést í flugslysi. Hann stendur nú frammi fyrir erfiðri ákvörðun, ef hann breytir fortíðinni og bjargar æskuástinni gæti hann glatað eigin framtíð.
**22.35 The Unit** (16:23)
**23.20 Smile**
**01.05 11.14**
**02.30 Nobody's Baby**
**04.20 Buffalo Dreams**
**05.50 The Simpsons**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**18.15 NFL-deildin** Útsending frá leik í NFL-deildinni.
**20.15 Utan vallar** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
▶**21.05 Bardaginn mikli** Mike Tyson er einn af bestu boxurum allra tíma. Hann er yngsti þungavigtarmeistari sögunnar en hefur verið sjálfum sér verstur eins og dapurlegt einkalíf hans vitnar um. Í þessum magnaða þætti eru sýndir gamlar myndir með Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni. Í þættinum er sömuleiðis fjallað um bardaga hans við Lennox Lewis en margir álíta að Tyson hafi þá þegar verið útbrunninn bæði líkamlega og andlega.
**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
**22.30 Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.10 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Championship skoðaðir.
**23.55 World Series of Poker 2008**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Newcastle.
**16.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Newcastle.
**17.45 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.10 Vörutorg**
**18.10 Dr. Phil**
**18.55 Game tíví** (9:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**19.20 Charmed** (8:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. (e)
▶**20.10 Friday Night Lights** (9:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Landry reynir að friða samviskuna, Tim er í hættulegum félagsskap og Jason fer á stefnumót.
**21.00 Heroes** (1:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Í fyrsta þættinum endurnýjum við kynnin við hetjurnar, förum yfir það sem gerst hefur í sögunni til þessa og sjáum viðtöl við leikarana sem gefa okkur innsýn í það sem gerist í þessari þáttaröð.
**21.50 CSI: New York** (12:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Óvinsæll hóteleigandi er myrtur og líkinu komið fyrir inni í íslistaverki í New York. Skólabíll keyrir niður konu sem er í náttkjólnum sínum.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Swingtown** (13:13) Ögrandi þáttaröð sem gerist þegar kynlífsbyltingin stóð sem hæst og frjálsar ástir og makaskipti urðu vinsæl tómstundaiðja í rótgrónum úthverfum (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í myndlist

## Listmunauppboð

verður haldið mánudagskvöldið 10. nóvember í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Uppboðið hefst kl. 18.
Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.

Verkin eru til sýnis mánudag kl. 10–17



Sæmundur Valdimarsson



Jóhannes S. Kjarval



Kristján Davíðsson

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.25 OG 20.25 E.R.



Einn lífseigasti og um leið farsælasti framhaldsþáttur sögunnar er kominn með nýjan samastað á Íslandi – Stöð 2 Extra. Í sumar fór stöðin að sýna þessa langlífustu spítalaseríu sögunnar allt frá upphafi og standa nú yfir sýningar á fyrstu þáttaröðinni. Þar fer auðvitað fremst í flokki stórstjarnan George Clooney í hlutverki Dougs Ross sem sló svo rækilega í gegn sem kvikmyndastjarna, þökk sé þessum þáttum. Stöð 2 Extra mun leggja talsvert upp úr því að bjóða upp á bestu og vinsælustu þáttaraðir liðinna ára. Þannig standa nú einnig yfir sýningar á þáttaröðunum Ally McBeal, Seinfeld, Twenty Four og X-Files. Þá hefjast senn sýningar á Sex and the City sem verða á dagskrá á fimmtudögum. Það er því óhætt að segja að ófáir gullmolarnir leynist á Stöð 2 Extra.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kompás**

**Stöð 2 kl. 19.20**

Hvernig standa grunnstoðir atvinnulífsins í dag og hver er framtíð þeirra eftir hrun bankakerfisins? Mikill uppgangur er í sjávarútvegi og margir binda miklar vonir við orku- og álvinnslu og víst er að ferðaþjónustan er stækkandi atvinnugrein. Staða þessara atvinnugreina er slæm því skuldirnar eru miklar og aðgangur að lánsfé er takmarkaður. Hvaða möguleikar felast í grunnstoðum íslenskra atvinnugreina? Kompás kannaði málið.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Ársól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (55:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (56:260)
**17.00 Seinfeld** (21:22)
**17.25 E.R.** (10:25)
**18.10 My Boys** (9:22)
**18.35 Happy Hour** (1:13)
**19.00 Hollyoaks** (55:260)
**19.30 Hollyoaks** (56:260)
**20.00 Seinfeld** (21:22)
**20.25 E.R.** (10:25)
▶**21.10 My Boys** (9:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
**21.35 Happy Hour** (1:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Dagvaktin** (8:12) Framhald Næturvaktarinnar sem sló rækilega í gegn í fyrravetur og varð vinsælasta leikna íslenska þáttaröðin sem sýnd hefur verið á Stöð 2. Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**22.30 Numbers**
**23.10 Fringe** (5:22)
**23.55 Kenny vs. Spenny** (9:13)
**00.20 Sjáðu**
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar og fær til sín góða gesti í sjónvarpssal.
**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar ofan í sálarlíf gest síns.
**21.30 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður. Hann ræðir um sveitarstjórnarmál.

### DR 1

**12.20** Reimers **12.55** OBS **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.55** Skum TV **15.10** Angora by Night Musik Special **15.35** Naruto **16.00** Troldspejlet **16.15** Robotboy **16.30** Emil fra Lønneberg **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Supernabo **19.00** Sex, magt og intriger **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Rebus **22.05** OBS **22.10** Tennis. Legends Live **23.40** Seinfeld

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** KuleJenter **14.30** Keiserens nye skole **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sommer **21.25** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.45** Nytt på nytt **00.15** Kulturnytt

### SVT 1

**12.15** Sjöcharmörer **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Skrotnisse och hans vänner **15.45** Pi **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Mona och Mastiff **16.30** Krokodill **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Toppform **20.15** Folk i bild 2008 **20.30** Hockeykväll **21.00** Verklighetens Six feet under **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Dansbandskampen **23.40** Sändningar från SVT24




## KREPPAN



*„Eins og tengdamamma segir: maður á aldrei að henda mat. Annars er bara allt að hækka nema launin manns. Ætli maður flytji ekki til Kanada á endanum. Er ekki allt að gerast þar? Alla vega eru alltaf einhver ný góð bönd að koma þaðan.“*

Benedikt Reynisson tónlistarmaður.

# Balti sáttasemjari hjá Pitt og Presti Leó

„Já, Þröstur Leó er skinkan í samlokunni. Ég hef verið með þá strákana í símanum og reynt að miðla málum. En hef lítt mátt vera að því út af hinu málinu,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Fréttablaðið hefur greint frá sérkennilegri deilu. Kvikmynd Baltasars Brúðguminn er tilnefnd til 14 Eddu-verðlauna og hefur þegar tryggt sér ein þeirra sem afhent verða 16. þessa mánaðar: Í flokki karlkyns aukaleikara þar sem keppa innbyrðis Jóhann Sigurðarson, Ólafur Darri og Þröstur Leó Gunnarsson. Jóhann og Ólafur Darri segjast miklu „stærri“ leikarar en Þröstur og sé í raun sama hvor þeirra hreppi verðlaunin – bara að það verði ekki Þröstur. Leikstjórinn segir grallaralegur þetta mál vissulega á sínu borði en þegar blaðið náði tali af Baltasar var hann á heimleið frá Los Angeles þar sem hann hefur dvalið við að klippa næstu mynd sína Inhale sem frumsýnd verður á næsta ári. „Hitt málið“ er að slúðrið í Hollywood segir óeðlilega kært með aðalleikkonu Baltasars í Inhale, Diane Kruger og sjálfum Brad Pitt. „Ég bara er í símanum og reyni að róa Angelinu [Jolie konu Pitts]. Við erum að fara að hittast sem er reyndar erfitt vegna Lilju [Pálmadóttur konu Baltasars]. Þannig að... ég er að vinna í þessum málum af mínum alkunnu diplómatísku hæfileikum. Mikið leitað til mín í þessum málum.“

Það var nefnilega það. Baltasar hefur lokið við að klippa Inhale en heldur aftur utan í desember til að ganga frá litgreiningu og hljóði. Á fimmtudagskvöldinu var haldin veisla á vegum framleiðenda Inhale á Viceroy-hótelinu í LA þangað sem boðið var ýmsu frægðarfólki auk hugsanlegra kaupenda. Segir Baltasar að nú sé verið að ganga frá sölu Inhale til ýmissa dreifingaraðila. „Já, Rosanna Arquette lét sjá sig... Þetta var glæsileg veisla og myndin mælist vel fyrir,” segir Baltasar á heimleið – ekki síður til að verja tíma með fjölskyldunni heldur en vera við afhendingu Eddu-verðlauna.

- jbg



**BALTASAR KORMÁKUR** Hefur lokið við klippingu myndarinnar Inhale og gengur vel að kynna hana fyrir dreifingaraðilum.



**LÁRÉTT 2.** lappi, **6.** í röð, **8.** hestaskítur, **9.** illæri, **11.** mun, **12.** frumefni, **14.** gamall nytjahlutur, **16.** rún, **17.** mjög, **18.** af, **20.** kusk, **21.** héldu brott.
**LÓÐRÉTT 1.** laut, **3.** bardagi, **4.** fiskur, **5.** svelg, **7.** hugarró, **10.** leturtákn, **13.** pota, **15.** krafs, **16.** upphrópun, **19.** tímaeining.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sami, **6.** rs, **8.** tað, **9.** óár, **11.** ku, **12.** flúor, **14.** antik, **16.** úr, **17.** all, **18.** frá, **20.** ló, **21.** fóru. **LÓÐRÉTT: 1.** gróf, **3.** at, **4.** makríll, **5.** iðu, **7.** sálarró, **10.** rún, **13.** ota, **15.** klór, **16.** úff, **19.** ár.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Svartfugl af langvíuætt.
2. Gunnar Hákonarson.
3. Haítí.



**MÖGNUÐ SAGA** Karl segir sögu Tékklands vera magnaða og hrikalega í senn. Hann er nú að taka upp tékkneska stórmynd í Prag.

KARL ÓSKARSSON: KYNNIST SÖGU TÉKKÓSLÓVAKÍU

# Karl tekur upp eftirstríðsmynd í Tékklandi

„Ég hef unnið með leikstjóra myndarinnar, Tomás Masín, áður. Við höfum gert nokkrar auglýsingar saman hérna í Tékklandi. Hann hringdi í mig og bauð mér verkefnið og þetta var einfaldlega of gott tilboð til að hafna því,“ segir kvikmyndatökumaðurinn Karl Óskarsson. Hann hefur undanfarna mánuði unnið að því að stjórna tökunum í tékknesku stórmyndinni Þrjár árstíðir í helvíti sem fram fara í Prag og víðar í Tékklandi.

Þrjár árstíðir í helvíti gerist á árunum eftir seinna stríð þegar sovéski kommúnistabjörninn er farinn að herða tökin í tékknesku þjóðlífi. Karl segir þetta vera stóra og mikla mynd á evrópskan mælikvarða þótt vissulega myndi hún blikna hvað kostnað varðar í samanburði við amerískar stórmyndir. „Sem betur fer er hún þó að mestu leyti óháð fjármagni frá sterkum markaðsöflum,“ segir Karl. Lausafjárkreppan illræmda hefur því lítil áhrif á gerð hennar.

Kvikmyndatökumaðurinn segist hafa fengið óvenjulegt tækifæri til að kynnast átakamiklum kafla í lífi tékknesku þjóðarinnar. Þjóðar sem stóð mjög framarlega í evrópsku athafna- og menningarlífi áður en seinni heimsstyrjöldin brast á með öllum sínum hörmungum. „Tékkar létu undan hótunum Hitlers og sluppu þannig að mestu við eyðileggingguna. Hins vegar var óheppni þeirra fólgin í því að lenda röngum megin við strikið,“ útskýrir Karl og vísar þar til þess þegar Evrópu var skipt í Vesturlönd og austantjaldsblokkina að loknu stríðinu.

Að sögn Karls er kvikmyndahefðin ákaflega sterk í Tékklandi. Og það sé engin tilviljun að stórmyndir á borð við Casino Royale hafi verið teknar upp í Prag. Launin séu lág en kvikmyndagerðarfólkið ákaflega fært í faginu. „Hitler lét byggja hér Barandoff-kvikmyndaverin sem eru ákaflega glæsileg og enn notuð í dag.“ Karl hóf undirbúning fyrir verkefnið í ágúst, fór síðan út í september og hefur unnið nánast linnulaust síðan þá. Hann var því víðsfjarri þegar íslenska efnahagskerfið hrundi og þjóðin fór á hliðina. „Ég tel það eiginlega vera heppni að hafa verið að vinna svona mikið á þessum tíma. Maður hefur samt ekkert verið að eyða hádegishléunum í að spjalla á léttu nótunum við vinnufélagana heldur bara hangið á netinu og reynt að leita frétta af ástandinu,“ segir Karl.

- fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Mikill samdráttur, ef ekki hrun, hefur orðið hjá þeim sem séð hafa um miklar veislur hjá bönkunum og öðrum fyrirtækjum sem sjá enga sérstaka ástæðu til að fagna nú um stundir með íburði, kræsingum og rándýrum skemmtikröftum utan úr heimi. Þá mun staðan vera orðin sú að meira framboð er á veislustjórum en eftirspurn en síðasta vor var gósentíð meðal þeirra sem gefa sig í slíkt. Uppgrip. Þeir vinsælustu halda sínu svo sem grallararnir **Simmi og Jói** og hin sígilda **Helga Braga**. Þá virðist grátt grín vera í uppsveiflu því aukin eftirspurn er eftir Þorsteini Guðmundssyni en verið hefur um hríð.



Og þótt gósentíð sé hjá **Þorsteini Guðmunds** og gríni hans þá er ekki hið sama upp á teningnum hjá samtarfsfélögum hans í auglýsingabransanum. Hjá SÍA, Samtökum íslenskra auglýsingastofa, hafa seglin nefnilega verulega verið rifuð ef marka má árshátíð sem fram fór á föstudagskvöld. Venjulega hefur þetta verið meiri háttar viðburður í samkvæmislífinu, haldið á Sögu með þriggja rétta máltíð, skemmtiatriðum og dansleik. En í ljósi aðstæðna, uppsagna hjá auglýsingastofum, sem félagsmenn sáu ekki ástæðu til að halda sérstaklega upp á, var árshátíðin tröppuð verulega niður og var haldin sem partí á Dómó – þar sem þó gleðin ríkti.

En einn maður skálar þó í kampavíni um þessar mundir. **Atli Fannar Bjarkason**, ritstjóri Monitors. Þótt að óvissa ríki um framtíð blaðsins hefur lestur þess rokið upp úr öllu valdi. Á heimasíðu Monitors er greint frá því að aukningin nemi hvorki meira né minna en hundrað prósentustigum. Atli þakkar það þeim áherslubreytingum sem gerðar hafi verið en hann tók einmitt við af Bigga í Maus.



jbg/fgg


Gæðamálning á góðu verði

Berið saman verð og gæði!



DEKA PRO 10 - 10L

4.990 kr.

Opið mán-föstud. 8-18
laugardaga 9-16

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 Sími 412 2500



FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Úrval fiskrétta

í ofninn eða pönnuna.

Veljum íslenskt



opið

mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Þorrablóts-hákarlinn í hættu

„Það er vont að fá hráefni og ég er pínu smeykur við að það verði lítið um kæstan hákarl á þorrablótum,“ segir Guðmundur Páll Óskarsson, hákarlsverkandi í Hnífsdal. Og þá má eiginlega segja að fokið sé í flest skjól ef Íslendingar geti ekki einu sinni fengið kæstan hákarl; eitt af aðaleinkennum íslenskra matargerðarlistar.

Guðmundur er án alls gríns ansi uggandi yfir ástandinu. Hann kaupi bara besta hráefnið og af því sé alls ekki nóg. „Menn vilja bara ekkert veiða hákarl. Ég hef boðið sjómönnum gull og græna skóga fyrir að fara og veiða hákarl en það er bara ekki tekið í mál. Ég hef meira að segja boðist til að staðgreiða fyrir hráefnið en fengið dræmar undirtektir,“ bætir Guðmundur við og reiknar með að verð á þeim hákarli sem til er verði í hærra lagi. Fréttablaðið hafði jafnframt samband við Hildibrand Bjarnason, hákarlsverkanda í Stykkishólmi. Hann sagðist eitthvað eiga af hákarli en það væri ekki mikið. Hann hefði til að mynda sótt um styrk til að sækja hákarl til Grænlands en var synjað. „Grænlendingar eru reiðubúnir til að veiða hákarl fyrir okkur en það vantar bara flutningsleiðina,“ segir Hildibrandur sem var þó ekki jafn svartsýnn og Guðmundur og taldi að einhver hákarl yrði á borðstólum á þorrablótum landsmanna eftir áramótin.

Lúðvík Ríkharð Jónsson, hákarlsverkandi fyrir norðan, tók ekki undir áhyggjur Guðmundar. Sagðist eiga nóg af hákarli. Hann viðurkenndi hins vegar að erfiðara væri að ná í hráefni núna. „Ég er bara þokkalega bjartsýnn, það þýðir ekkert annað.“

- fgg



**ÁHYGGJUFULLUR** Guðmundur Páll Óskarsson var áhyggjufullur yfir stöðu þorrablótshákarlsins og taldi að lítið framboð yrði af honum.


Unga ástin mín
– Þroskandi barnabækur
NÝJAR BARNABÆKUR
Lestrargaman
Sætabrauðsdrengurinn Piparköku-Páll
Lestrargaman
Þrír litlir grísir
Lestrargaman
Jói og baunagrasið
Lestrargaman
Örkin hans Nóa
LESTRARGAMAN
Skondin og skemmtileg
ævintýri í bundnu máli
fyrir 4-8 ára börn.
Umhverfis-
vænar
bækur
náttúrubörn
Gott að borða
náttúrubörn
Góða nótt
DÝR Í GÓÐU SKAPI
Fyndin fés
tölurnar
formin
fyrstu 100 litirnir, formin og orðin
klár kríli
tíminn
stafirnir
dýrin
fyrstu orðin
litirnir
andstæður
Lyftimyndabók
BÚFRÆÐI BARNANNA
Leiftrandi fínar og skýrar lyftimyndir sem eiga ekki sinn líka!
Aðrar bækur frá ungu ástinni minni:
fyrstu 100 dýrin
fyrstu 100 tækin
fyrstu 100 orðin
dýrin
Prinsessur
Límmiðafjör
Sjóræningjar
litirnir
dýrin
fyrstu orðin
klár kríli
Dýrin
Tölurnar
123
kát kríli
dýrin
kát kríli
123
Taubók
Býflugan
Dýrin
www.ungaastinmin.is
Office 1 Superstore
Eskja
BabySam
Hnokkar & Hnátur
Skagfirðingabúð
adams
Eymundsson
Bóksali frá 1872
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**
**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Góðkunningjar lögreglunnar*

Lögreglumenn á mótorhjólum er eitt þeirra fyrirbrigða sem fimm ára syni mínum þykir mikið til koma í veröldinni. Vikuleg gönguferð okkar mæðginanna úr Vesturbænum og niður í miðbæ um helgina var því alveg sérlega ánægjuleg. Allt í kring voru góðlegir lögreglumenn, tilbúnir að veita litlum dreng athygli. Þetta gladdi soninn og bætti fyrir vonbrigðin sem höfðu vaknað með honum um morguninn þegar ekki tókst að kveikja á öldruðu sjónvarpinu og hann missti því af barnaefninu.

**ÉG** fékk að taka mynd af syni mínum og félaga hans ásamt löggregluþjóni og mótorhjóli niðri í bæ. Í kring voru þúsundir venjulegs fólks sem var sárt yfir því að lífskjaraskerðing var kölluð yfir það og fjölskyldur þeirra og að þjóðin væri skyndilega í milliríkjadeilu vegna skulda einkafyrirtækis, og tugur skemmtilegra ungmenna sem flögguðu Bónusfána. Reyndar skildi ég ádeiluna ekki strax þar sem ég hef aldrei tengt lágt vöruverð við nokkuð illt. Svo voru önnur ungmenni sem ég held að hafi verið ögn hugmyndasnauðari sem köstuðu drasli í Alþingishúsið. Það eina sem mér þótti ógnvekjandi voru um það bil tíu reiðir karlar sem augljóslega langaði að lemja löggur og fá þannig útrás fyrir einhvern innibyrgðan þrýsting sem ég held að sé tilkominn vegna kólesterólsríks fæðis og kyrrsetu.

**UM** kvöldið þurfti ég að svara ótal spurningum sonar míns um mótorhjól og bíla. Til að reyna að fela fávisku mína veiddi ég upp gamla bók frá því ég var lítil sem heitir Bílasögur eftir rússnesk/þýska skáldkonu. Bókina hefði ég dregið mikið fyrr fram í dagsljósið ef ég hefði munað hve skemmtileg hún var, tökum dæmi: „Ég heiti Tolli. Pabbi er bréfberi. Hann er láglaunamaður og alltaf blankur, svo við verðum að fara sparlega með peningana. Í vor fékk hann ekki lengur skoðun á gamla ryðgaða Eskortinum. Hann átti heldur ekki fyrir tryggingunni. Þeir komu og klipptu númerin af […] „Sjáið nú til, börnin góð,“ sagði pabbi. „Allt verðlag hefur margfaldast í þessari verðbólgu, bæði á upphitun, rafmagni, fötum og matvælum. Og nú er ríkisstjórnin búin að skerða kaupið. Við mamma ykkar höfum setið við að reikna þetta, tekið saman heimilisbókhaldið og það þýðir ekkert, endarnir ná ekki saman.“

**ÉG** hafði meira gaman af sögunni en sonurinn. Ég bara velti því fyrir mér hvernig upplitið á pabba Tolla hefði verið ef honum hefði verið ætlað að greiða reikninga annarra og hvort honum hefði liðið betur ef hann hefði lamið manneskju í einkennisbúningi.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 10. nóvember, 316. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.41 | 13.11 | 16.41 |
| Akureyri | 9.39 | 12.56 | 16.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


TaL

# LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN Í DAG!

HEIMASÍMI NET GSM

Tal býður allan pakkann, Net, Heimasíma og GSM frá **3.990 kr** á mánuði. Þú þarft ekki einu sinni að skipta um símanúmer. Hringdu í 1817, farðu inná www.tal.is eða komdu við í nýjum húsakynnum Tals að Suðurlandsbraut 24 og lækkaðu símreikninginn strax.

Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is